



**Söfn í kynjuðu ljósi**  
Framsetning kvenna í rými safns

Arndís Bergsdóttir

**Lokaverkefni til MA-gráðu í safnafræði**

**Félagsvísindasvið**



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Söfn í kynjuðu ljósi**  
***Framsetning kvenna í rými safns***

Arndís Bergsdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í safnafræði  
Leiðbeinandi: Sigurjón B. Hafsteinsson

Félags- og mannvísindadeild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
júní 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í safnafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Arndís Bergsdóttir 2012

Akureyri, Ísland 2012

## Útdráttur

Í þessari ritgerð verður fjallað um það hvernig söfn hafa þróast sem karllægar stofnanir og hvernig þeirra áhrifa gætir í framsetningu þeirra á hinu kvenlega. Tilgangurinn er að varpa ljósi á grundvöll framsetninga kvenna á söfnum. Sá jarðvegur sem söfn eiga rætur í er karllægur og þau hafa þróast og dafnað í þeim jarðvegi lengur en flestar aðrar stofnanir samfélagsins. Slíkt er umhugsunarvert í ljósi þess að söfn í dag hafa samfélagslegar skyldur. Hin síðari ár hefur femínísku sjónarhorni verið beitt í auknum mæli við greiningu á framsetningu hins kvenlega á söfnum. Þær rannsóknir hafa leitt í ljós að frásagnir safna byggja að miklu leyti á karllægum gildum. Konur eru jaðarsettar. Þær eru þöglar og óvirkar í frásögnum en karlar eru jafnan gerendur í miðju hennar. Í ritgerðinni varpa ég fram þeirri spurningu hvernig þau karllægu áhrif sem gætir í framsetningu safna birtast í stofnuninni allri. Að söfn séu í sjálfum sér hindrun í framsetningu sem byggir á jafnræði kynjanna.

## **Formáli**

Þetta lokaverkefni í safnafræði er fræðileg ritgerð til 30 eininga. Leiðbeinandi minn var Sigurjón B. Hafsteinsson og þakka ég honum kærlega góða samvinnu og einstaka leiðsögn í þessari ritgerð sem og náminu öllu. Karen þakka ég yfirlestur og fallett aðhald. Einnig vil ég þakka Bjössa og öllum börnunum fyrir hvatningu, stuðning og þolinmæði á meðan á ritsmíðum stóð.

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur .....</b>	<b>6</b>
<b>Afstaða og sjónarhorn .....</b>	<b>7</b>
<b>Markmið .....</b>	<b>8</b>
<b>Kenningarlegur grunnur.....</b>	<b>9</b>
<b>Mótun þekkingarfræði .....</b>	<b>11</b>
<b>Að flokka.....</b>	<b>13</b>
<b>Að safna .....</b>	<b>15</b>
<b>Að ráða.....</b>	<b>17</b>
<b>Að skynja .....</b>	<b>19</b>
<b>Að aga .....</b>	<b>20</b>
<b>Að hafa valdið .....</b>	<b>23</b>
<b>Safn.....</b>	<b>25</b>
<b>Stigveldi .....</b>	<b>27</b>
<b>Kona .....</b>	<b>30</b>
<b>Í heimi karla .....</b>	<b>34</b>
<b>Staða kvenna innan safna .....</b>	<b>37</b>
<b>Kona á safni.....</b>	<b>39</b>
<b>Kona í frásögn safns .....</b>	<b>41</b>
<b>Sjónarhorn framsetningar .....</b>	<b>48</b>
<b>Túlkun framsetningar .....</b>	<b>51</b>
<b>Hreinsun .....</b>	<b>54</b>
<b>Kvenleg náttúra – karllæg menning .....</b>	<b>56</b>
<b>Ráðandi karlmennska og styðjandi kvenleiki í frásögn safns .....</b>	<b>66</b>
<b>Lokaorð og umræða .....</b>	<b>68</b>
<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>71</b>

## Inngangur

Fyrir fáeinum árum sit ég, að kvöldlagi, á Iðnaðarsafninu á Akureyri. Safni, sem segir sögu verksmiðjuframleiðslu á Akureyri sem var í miklum blóma um og eftir miðja síðustu öld. Safni sem svo kyrfilega er staðsett í feðraveldinu að ekki aðeins ræturnar, heldur öll blómkrónan, eru innan hins karllæga ramma. Þrátt fyrir að konur hafi verið tveir af hverjum þremur starfsmönnum í iðnaði á Akureyri þegar mest var, er nær eingöngu fjallað um karla á safninu; karlana sem stýrðu verksmiðjunum og karlana sem unnu þar. Undantekningarnar frá þessu eru nokkrar myndir þar sem að konur standa uppstilltar og prúðar; svo utarlega á jaðrinum, að þær eru í ystu myrkrum! Þar sem ég sit á safninu hef ég fyrir framan mig grein Gaby Porter, “Seeing through Solidity: a feminist perspective on museums”.<sup>1</sup> Í greininni beinir Porter sjónum sínum að framsetningu kvenna á söfnum. Greining hennar varpar ljósi á staðsetningu kvenna í þeirri sögu sem söfn segja. Karlar eru í miðju frásagnarinnar og koma fyrir sjónir sem virkir gerendur. Konur standa á jaðrinum, þöglar og óvirkar. Ég geng um safnið sem ég þekki svo vel. Þar er hvergi konu að sjá fyrir utan þær sem standa prúðar og brosandi við hlið verkstjórans á myndum. Líkt og greining Porter þá eru þær jaðarsettar í framsetningu safna. Þær hafa ekki rödd þrátt fyrir að á blómaskeiði iðnaðarins hafi þær verið meira en helmingur þeirra sem vann á verksmiðjunum. Það er verk að vinna. En hvernig hefst kona handa við að skilgreina og útskýra, ekki síst fyrir sjálfri sér, samsetningu þess jarðvegs sem söfn eiga rætur í? Hvað nærir slíkan uppvöxt safna, og hvað veldur því að þau halda áfram að vaxa og dafna, í karllægni sinni hið minnsta? Hver er hin samfélagslega víxlverkun og hvaða aðstæður eru síst mengandi þegar kemur að framsetningu safna á hinu kvenlega – á konum?

---

<sup>1</sup> Gaby Porter 1986.

## Afstaða og sjónarhorn

Í anda femínískra fræða er rétt að ég geri grein fyrir því frá hvaða sjónarhorni efni þessarar ritgerðar er skoðað. Meint hlutleysi þeirra sem standa að rannsóknum og greiningu hefur verið gagnrýnt af femínistum.<sup>2</sup> Hér verður notuð staðsett þekking (e. situated knowledge). Þær hugmyndir sem felast í staðsettri þekkingu fjalla um samfélög en ekki einstaklinga.<sup>3</sup> Hér varpa ég því hér ljósi á staðsetningu mína.

Árið 2009 tók ég við starfi safnstjóra á Iðnaðarsafninu á Akureyri. Ég lauk B.A. próf í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1996. Í náminu leitaðist ég, eftir því sem hægt var, að tengja það femínískum fræðum. Jafnréttismál höfðu jafnan verið mér hugleikin en mér gekk illa að finna þeim áhuga mínum farveg; þar til ég settist í stól safnstjóra á Iðnaðarsafninu. Þrátt fyrir að reynsla mín af safnastarfi væri engin fannst mér ég, engu að síður, komin „heim” og haustið 2009 hóf ég nám á meistarastigi í safnafræði við Háskóla Íslands. Á Iðnaðarsafninu er sögð saga iðnaðar á Akureyri sem var í miklum blóma um miðja síðustu öld. Eins og lýst er í inngangi þessarar ritgerðar er kynjahalli þeirrar sögu töluverður. Því réðist ég, ásamt Andreu Hjálmsdóttur lektor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri, í það verkefni að gera eigindlega rannsókn á lífi og störfum þeirra kvenna sem unnu á verksmiðjunum<sup>4</sup>. Sú rannsókn hófst árið 2010 og höfum við tekið viðtöl við tólf konur. Niðurstöður hafa verið kynntar á fræðilegum vettvangi sem og öðrum. Starf mitt sem safnstjóri, námið í safnafræði og viðtölin við þær konur sem komu að rannsókninni hafa beint sjónum mínum að hlut kvenna í þeirri sögu sem sögð er á söfnum. Og hvernig ímynd þeirra kvenna sem hlut eiga í sögunni birtist á safni. Það er frá þeim stað sem ég vil byrja.

---

<sup>2</sup> Rannveig Traustadóttir 2003.

<sup>3</sup> Donna Haraway 1988.

<sup>4</sup> „Á verksmiðjunum” er málvenja sem notuð er meðal þeirra sem unnu við iðnað á Akureyri.



## Markmið

Til að skoða framsetningu kvenna á söfnum tel ég nauðsynlegt að skoðað fyrst hvernig söfn standa andspænis hinu kvenlega. Hin síðari ár hefur femínísku sjónarhorni verið beitt í auknum mæli við greiningu á framsetningu hins kvenlega á söfnum. Þær rannsóknir hafa leitt í ljós að frásagnir safna byggja að miklu leyti á karllægum gildum. Konur eru jaðarsettar í frásögninni, þöglar og óvirkar. Karlar eru jafnan gerendur í miðju frásagnarinnar, þeir sem kastljósið beinist að. Áhrifa karllægni gætir því, samkvæmt þessu, í framsetningu hins kvenlega á söfnum. Í ritgerðinni varpa ég fram þeirri spurningu hvernig þau karllægu áhrif sem gætir í framsetningu safna birtast í stofnuninni allri. Slíkt tel ég að muni varpa ljósi á það hvort þær leiðir sem farnar eru í framsetningu kvenna megi sín lítils á söfnum og hvort söfn séu yfirhöfuð heppilegur staður til framsetningar á hinu kvenlega. Ég mun leitast við að varpa ljósi á þá helstu þætti sem höfðu áhrif á þróun safna. Markmiðið er að skoða hvernig þeir þættir hafi meðal annars leitt til þess að söfn urðu karllægar stofnanir. Hvernig þekkingarfræði hafði áhrif á samfélagið og fyrstu hugmyndir um söfn. Ennfremur hvernig það samfélag sem söfn eru staðsett í þróaðist getur gefið vísbendingar um söfn sem karllæg rými. Einnig mun ég fjalla um stöðu kvenna í samfélaginu og hvernig konur tengdust starfi safna. Í þessari ritgerð mun ég því ekki beina sjónum mínum að því hvort söfn séu karllægar stofnanir heldur hvernig þau urðu það.

Ekki verður gefin heildstæð mynd af sögulegri þróun safna og þeim þáttum sem höfðu áhrif á þau. Myndin verður því, með tilliti til sögunnar og almennrar þróunar safna, brotakennd. En með þeim brotum leitast ég við að draga fram þá þætti sem helst höfðu áhrif á þá þróun, í kynlegu ljósi, sem hefur gert söfn að þeim stofnunum sem þau eru í dag.

## Kenningarlegur grunnur

Ef gert er ráð fyrir því að framsetning kvenna á safni tengist þeirri valdaformgerð sem er á safni og í safnaumhverfinu, þá liggur beinast við að skoða sögu safna út frá þeirri þekkingarfræði og þeirri þróun þekkingar sem hefur mótað söfn í tímans rás. Til þess verkefnis verða notaðar hugmyndir Foucault<sup>5</sup> um þróun þekkingarfræði. Þær setti hann fram í bókinni „The Order of Things” og var gefin út á frummálinu árið 1966 en í enskri þýðingu árið 1970. Í þessari ritgerð verður upphaf safna skoðað. Ennfremur tilgangur þeirra sem gagnvirkt byggir á þróun þekkingarfræði í hinum vestræna heimi. Og þekkingarfræði tengist einnig þróun safna allt til nútímans.

Í því tilliti verður einnig leitast við að varpa ljósi á þær samfélagslegu aðstæður sem þar liggja til grundvallar auk þeirra gagnvirku áhrifa (eða skort á áhrifum) sem staða kvenna í samfélaginu, kvennabaráttan og staða kvenna innan safnanna bar með sér. Helstu hugmyndir sem notaðar verða við að skoða samspil safns og samfélags eru úr ranni Eilean Hooper-Greenhill<sup>6</sup>, Tony Bennett<sup>7</sup> og Kevin Walsh<sup>8</sup>. Samfélagsleg áhrif skipta sköpum þegar skoðuð er aðkoma kvenna að söfnum, þá sérstaklega með hliðsjón af því valdi, og valdaleysi, sem einkenndi stöðuna milli konu og safns. Feðraveldið og karllæg yfirráð, kristallast í framsetningu kvenna á söfnum.

Án þess að hér sé leitast við að smætta víðfeðmt efni, en í raun eru gerðar tilraunir til hins gagnstæða, þá birtist konan í framsetningu safna þar sem „hið blóðuga lífstykki“ sem fjallað er um í einum af þeim dæmum sem koma munu fram. Hún er í dimmum skuggum safna, dulin á jaðri frásagnar sem stjórnast af karllægum gildum, sem hafa að leiðarljósi að viðhalda því kerfi sem fyrir er. Hið blóðuga lífstykki er hreinsað af þeim kvenleika sem veruleikinn hefur ánað því og lagfært þannig að það falli að þeirri staðalmynd sem þjónar tilgangi feðraveldisins. Leitast er við að varpa ljósi á það ferli með skírskotun í hugmyndir Sherry. B.

---

<sup>5</sup> Michel Foucault 1970 og 1982.

<sup>6</sup> Eilean Hooper-Greenhill 1992.

<sup>7</sup> Tony Bennett 1995.

<sup>8</sup> Kevin Walsh 1992.

Ortner<sup>9</sup> um náttúru sem kvenleika og menningu sem karllægni. Ennfremur hugmyndir þær sem Gyða Margrét Pétursdóttir<sup>10</sup> styður í grein sem birtist í Íslenska Þjóðfélaginu og fjallar um það með hvaða hætti styðjandi kvenleiki stuðli að undirskipun kvenna. Greininguna byggir Gyða Margrét á viðamikilli eigindlegri rannsókn á vinnumarkaði og notar til þess kenningar Connell<sup>11</sup> um styðjandi kvenleika (e. *emphasized femininity*) og mengandi karlmennsku (e. *hegemonic masculinity*). Notaðar verða rannsóknir Gaby Porter<sup>12</sup> og Wera Grahn<sup>13</sup> til að skoða framsetningu kvenna og staðsetningu þeirra í frásögn safna.

Leitast verður við að gera uppdrátt safna annars vegar og framsetningar hins vegar, jafn gagnsæja og kostur er, en því skal haldið til haga að sjónarhorn, í sjálfu sér, útilokar alltaf einhverja þætti og að sýn okkar á tiltekin efni og samhengi er ætíð brotakennd. Með þá vitneskju í farteskinu, má engu að síður - séu hinir tveir, nokkuð gagnsæju, uppdrættir lagðir hvor ofan á annan - greina misræmi. Misræmi, á sviði valds og kynjunar í víðtækri merkingu hugtakanna, á milli framsetningar og rýmis. Á milli konu og safns. Með það verkefni fyrir augum, að varpa kynlegu ljósi á söfn. Til þess eru valin þau sjónarhorn og þær hugmyndir sem gagnast því sem fyrir höndum er; verkfæri sem hæfa verkefninu.

---

<sup>9</sup> Sherry B. Ortner 1972.

<sup>10</sup> Gyða Margrét Pétursdóttir 2012.

<sup>11</sup> R.W. Connell 1987.

<sup>12</sup> Porter 1996.

<sup>13</sup> Wera Grahn 2006.

## Mótun þekkingarfræði

Til að skoða tengsl og valdahlutföll kynjanna í sögulegu ljósi er notast við kenningar Michel Foucault. Þar er að finna sögu þess á hvaða hátt og með hvers konar hlutgervingu mannverur, í hinum vestræna menningarheimi, eru gerðar að sjálfsverum (e. *subjects*). Með hugtakinu sjálfsvera skoðar Foucault ekki valdið sjálft heldur einstaklinginn. Afstaða einstaklingsins til samfélagslegra afurða og tákna í samfélaginu sviptir hulunni af þeim valdatengslum sem hann er hluti af. Hægt er að koma auga á þessi valdatengsl með því að skoða þá andstöðu sem þau hafa mætt. Foucault bendir í því samhengi, meðal annars, á andstöðu við kennivald og vald þekkingar. Slík andstaða byggir ekki síst á dulúðlegum og nánast afmynduðum framsetningum sem lagðar eru fram.<sup>14</sup> Andstaðan er ekki við það sem sett er fram. Gildi þess er hvorki afneitað né er það heldur samþykkt. Sú andstaða sem um ræðir byggir á spurningum um tengsl þekkingar og valds. Með hvaða hætti þekking verður til og hvernig henni er dreift. Andstaðan beinist ekki að því *hvaða* valdi sé beitt eða *hver* geri það, heldur *hvernig* það er gert; formgerð valdsins. Formgerð þessa valds gerir einstaklinga að sjálfsverum. Hún byggir á stýringu og undirokun og á sér stað í hinu daglega lífi. Einstaklingum er skipað í flokka, og þeir auðkenndir með einstaklingsbundnum einkennum. Þeir eru festir við eigin sjálfsmynd en einnig tengdir utan að komandi sannleika um það hverjir þeir eru og hverju þeir tilheyra. Einstaklingar viðurkenna þennan sannleik og aðrir í samfélaginu tengja hann við þá. Orðið sjálfsvera hefur tvenns konar merkingu. Annars vegar að vera stjórná af öðrum, eða að vera háður öðrum og hins vegar að vera bundinn eigin sjálfsmynd af samvisku og þekkingu á sjálfum sér.<sup>15</sup> Vald og þekking eru samtvinnuð og þeim komið til skila í gegn um þann vef sem tákn og tungumál samfélagsins vefa.<sup>16</sup> Skoða þarf það viðfangsefni sem glímt er við; framsetningu kvenna á söfnum, í ljósi þeirra

---

<sup>14</sup> Foucault 1970 og 1982..

<sup>15</sup> Foucault 1982: 782-783.

<sup>16</sup> Þorgerður Einarsdóttir 2004.

sagnfræðilegu aðstæðna sem liggja þar að baki og hafa því óhjákvæmilega áhrif á það efni sem til umfjöllunar er.<sup>17</sup>

---

<sup>17</sup> Foucault 1982.

## Að flokka

Forverar hins upplýsta manns höfðu leitast við að nefna og flokka þá þætti alheimsins sem að tilheyrðu hinu víðtæka og flókna umhverfi þeirra.<sup>18</sup> Í tilraunum til að koma reiðu á það sem birtist sem algert reiðileysi, var hið ótamda tamið. Skorðað. Þvingað á bása. Flokkað. Og þrátt fyrir að þétt væri haldið utan um þá flokkun þá beið það þess aðeins að verða splundrað.<sup>19</sup> Þörfín til að koma á reiðu og að viðhalda reiðunni risti djúpt en Foucault<sup>20</sup> hefur varpar ljósi á flokkanir sem eina af undirstöðum valdakerfa. Í þeim tilgangi bendir hann á flokkunarkerfi sem er alfarið á skjön við þau sem einstaklingar í nútíma vestrænu samfélagi þekkja. Það kerfi flokkunar sem Foucault bendir á birtist í kínverskri alfræðiorðabók. Þar er dýrum skipað í flokka eftir því hvort þau:

[...] (a) tilheyra keisaranum, (b) eru smurð, (c) eru tamin, (d) sjúga svín, (e) eru sírenur, (f) eru stórkostleg, (g) eru flækingshundar, (h) eru talin með í núverandi flokkun, (i) eru óð, (j) óteljandi, (k) dregin upp með afar fíngerðum bursta úr úlfaldahári, (l) og svo framvegis, (m) hafa nýlega brotið vatnskönnuna, (n) líta í fjarska út fyrir að vera flugur'.<sup>21</sup>

Í þessu flokkunarkerfi eru dýr, meðal annars, flokkuð eftir því hvort þau hafi nýlega brotið vatnskönnuna eða séu talin með í núverandi flokkun. Það er skýr mismunur á milli kínverska flokkunarkerfisins og þess flokkunarkerfis sem nútíma einstaklingar hafa tileinkað sér. Mismunurinn (e. *difference*) á þessum tveimur flokkunarkerfum, leiðir einnig í ljós hve afmarkandi og heftandi viðtekin gildi eru. Þegar hin kínverska flokkun dýra er skoðuð sést að hún á hvorki rætur né ákveðinn samastað í neinu flokkunarkerfi sem nútíma einstaklinga í vestrænu samfélagi geta samsamað sig með. Í kínverska flokkunarkerfinu eiga þeir þættir sem

---

<sup>18</sup> Walsh 1992.

<sup>19</sup> Foucault 1970.

<sup>20</sup> Foucault 1970.

<sup>21</sup> Michel Foucault 1970: xv. '[...](a) belonging to the Emperor, (b) embalmed, (c) tame, (d) sucking pigs, (e) sirens, (f) fabulous, (g) stray dogs, (h) included in the present classification, (i) frenzied, (j) innumerable, (k) drawn with a very fine camerhair brush, (l) *et cetera*, (m) having just broken the water pitcher, (n) that from a long way off look like flies'. Mín þýðing.

Þar eru fátt annað sameiginlegt en að vera hluti af því flokkunarkerfi sem greint er frá. Þær ótal leiðir sem færar eru til að greina samhljóm og mismun, eru grundvöllur flokkunar. Tungumálið vefur vef, þar sem að hlutir tengjast hver öðrum í neti. Þræðir netsins og þær leiðir sem þeir fara, ákvarða, með þeim tengslum sem sem hver hlutur á við annan, þá merkingu sem þeir öðlast hver andspænis öðrum. Foucault<sup>22</sup> bendir ennfremur á hvernig það er á því svæði sem rammað er inn af þráðum vefsins – það kerfi sem verður til úr möskvum netsins – sem að skipan hluta birtist. Það svæði þar sem að hlutir eru, en eru samt ekki, er það svæði sem felur í sér skipan þeirra. Sjónarhorn Foucault<sup>23</sup> er vel til þess fallið að varpa ljósi á skipan hluta. Ekki einungis í víðtæku sögulegu ljósi heldur einnig með tilliti til þeirra tilhneiginga mannsins til að flokka og skapa rými sem enduróma stöðu hans og merkingu í einhverri “heild”. Hvort sem sú heild vísar til hugmyndarinnar um safn sem samansafn gripa og framsetningar, eða til hins kynbundna stigveldis innan safna. Fyrir tíma Upplýsingarinnar var það tungumálið sem óf þann vef sem tengdi hluti hvern við annan. Þann vef sem flokkar þá óreiðu sem einstaklingurinn upplifir í umhverfi sínu – og í alheiminum; dýr sem eru smurð, þau sem eru tamin og dýr sem eru dregin upp með afar fingerðum burstu úr úlfaldahári. Þörf mannsins til að safna endurómar þörf hans til að henda reiðu á allt milli himins og jarðar. Og það er einmitt þar, milli himins og jarðar, milli heims og helju, í því rými sem skapast milli þeirra þráða vefsins sem að söfn þess tíma verða til. Endurspeglun á þörf einstaklingsins til að skilja umhverfið með því að koma á það reiðu.

---

<sup>22</sup> Foucault 1970.

<sup>23</sup> Foucault 1970.

## Að safna

Eilean Hooper-Greenhill<sup>24</sup> hefur notað hugmyndir Foucault um virka sögu (e *effective history*), og staðsett safnið sem sett var á laggirnar í Medici höllinni í Florence á Ítalíu, sem upphafsreit safnahugmyndarinnar. Bygging hallarinnar hófst fyrir tilstilli Cosimo de Medici um miðja fimmtánda öld og bar útlit hennar merki um meiri íburð en þekkst hafði fram að þeim tíma í byggingarlist. Innviðir hallarinnar voru að sama skapi hlaðnir íburði; mublur, bækur og gripir ýmiskonar fylltu vistarverur. Ekkert var til sparað við söfnun óvenjulegra dýrgripa sem þóttu sæma umhverfinu og eigendum þess. Aukin áhersla á auðæfi og vald bar með sér anda endurreisnarinnar.<sup>25</sup>

Með endurreisninni færðist áherslan frá íhugun og hinu trúarlega og dulræna til líðandi stundar. Skilgreining á fortíðinni var ekki lengur á valdi þeirra sem á undan höfðu gengið. Vefur þekkingar, sem skilgreindi þá merkingu sem hlutirnir höfðu hver andspænis öðrum, breyttist einnig. Vestræn menning byggði að miklu leiti á því sem Foucault<sup>26</sup> skilgreinir sem líkindi (e. *similitude*). Þeim hlutum sem líktust hvor öðrum var skipað hlið við hlið eftir kerfi sem byggði á fjórum flokkum. Flokkur samstæðna (*conventia*); þeir hlutir sem voru hvor nálægt öðrum. Flokkur samræmis (*aemulatio*) þar sem að hliðskipan krafðist ekki nálægðar en annar hluturinn fann samlíkingu í hinum. Í flokki samsvörunar (*analogia*) eru líkindi rakin til hárfinna tengsla sem vart eru greinanleg. Flokkur samhverfu (*sympathies*) þar sem að hlutir laðast hvor að öðrum. Afl sundrungar sem er að finna í andhverfunni (*antipathy*) kemur í veg fyrir að hlutir bráðni saman í einn kjarna eilífrar samhverfu.<sup>27</sup> Líkingar voru á stöðugri hreyfingu og þeir flokkar sem hliðskipanin byggði á sögðu einungis til um þann farveg sem þær hreyfðust eftir. Til að hægt væri að greina hliðskipan hluta, að sjá hvort hlutir heyrðu saman, voru þeir auðkenndir með táknum (*signature*).<sup>28</sup> Táknin voru komin frá guði og voru dulin mönnum. Það var verkefni þeirra að finna táknin svo leiða mætti í ljós samhengi

---

<sup>24</sup> Hooper-Greenhill 1992.

<sup>25</sup> Foucault 1970 og Hooper-Greenhill 1992.

<sup>26</sup> Foucault 1970.

<sup>27</sup> Foucault 1970: 20.

<sup>28</sup> Foucault 1970: 26.



alheimsins. Að finna tákinn var að finna hliðstæður. Að finna hliðstæður var að sjá tengsl hluta. Að sjá tengsl hluta var þekking.

Alheimurinn og maðurinn voru hliðstæður og alheimurinn rak líkindi sín til mannsins. Í stað vefs þar sem að tungumálið tengir hluti saman í endalausri keðju varð maðurinn sá miðpunktur sem allt annað var borið saman við.<sup>29</sup> Sem miðpunktur sá sem allt annað miðaðist við tók maðurinn sér það vald að skoða og skilgreina. Mönnum varð ljós munurinn á fortíð og nútíð og gripir fortíðar þóttu áhugaverðir sökum þeirrar sögu sem þeir báru með sér. Það var einungis á valdi efnamanna og aðalsfólks að safna slíkum gripum. Gripum sem bera áttu vitni um þekkingu þeirra á fortíðinni og að sama skapi á valdi þeirra, eignum, yfirráðum og úrræðum.<sup>30</sup> Valdið var þeirra; safn endurspeglaði vald. Á sama tíma var verulega þrengt að því sem kalla mætti valdssviði kvenna og tímabilið mótaðist af og mótaði karllæg gildi. Þær framfarir sem áttu sér stað á tíma endurreisnarinnar áttu einnig þátt þeim höftum sem lögð voru á konur. Sú endurskipulagning sem samfélagið gekkst undir á tímum endurreisnarinnar var grundvöllur skiptingar á milli hins persónulega sviðs og hins opinbera sviðs. Aukin áhersla á auð og vald hafði borið með sér breytingar þar á meðal á sviði efnahagsmála og menningar. Þessir þættir sem kenndir voru við framfarir endurreisnarinnar áttu þátt í því að steypa konur af borgarastétt í nýtt mót. Skörp skil voru gerð á milli heimilisins, þess sviðs sem tilheyrði konum og hins opinbera lífs, þess sviðs sem tilheyrðu körlum. Konur voru háðar eiginmönnum sínum og undirokaðar í samfélaginu. Heldri konur og konur í efri stéttum skyldu gæta skírlífis og þjóna fagurfræðilegum tilgangi. Á sama tíma og að maðurinn birtist í þekkingarfræðinni hnignaði staða kvenna. Endurreisnin fól ekki í sér endurreisn kvenna, nema síður sé.<sup>31</sup>

---

<sup>29</sup> Foucault 1970.

<sup>30</sup> Hooper-Greenhill 1992.

<sup>31</sup> Kelly-Gadol 1976.

## Að ráða

Sögulegt samhengi er mikilvægur hlekkur í því að sýna fram á þau djúpstæðu tengsl sem eru milli safns, valds og framsetningar. Hér verður skoðað það félaglega og þekkingarfræðilega umhverfi sem mótaði fyrstu hugmyndir um söfn og framsetningu.

Ein megin ástæða fyrir tilurð Medici hallarinnar var löngun Medici fjölskyldunnar, einnar valda- og áhrifamestu fjölskyldu í viðskiptalífi Flórens á þeim tíma, til að tjá stöðu yfirburða í þar til gerðu rými. Íburðarmikill arkitektúr Medici hallarinnar var umgjörð utan um dýrmæta gripi. Þar á meðal vefnað, málverk, húsgögn, bækur, eðalsteina, höggmyndir og stytur eftir Donatello sem staðsettar voru í hallargarðinum. Með auknum auði færðist áherslan frá íhugun og hinu trúarlega og dulræna yfir í hið veraldlega og sjónræna. Sé Medici höllin skoðuð út frá þekkingarfræði endurreisnarinnar má greina að „[...] einstaklingum, rými, efnislegum hlutum, athöfnum og þekkingu var raðað upp samkvæmt flóknum gagnkvæmum tengslum”<sup>32</sup> Þeir sem bjuggu yfir auði og valdi komu á laggirnar safni gripa sem settir voru fram í þeim tilgangi að gefa til kynna eignir þeirra og þekkingu. Í framsetningu fólust skilaboð. Framsetningu á auði og þekkingu var beint að þeim sem nauðsynlegt var að meðtækju skilaboðin. Að, því nána félagslega umhverfi sem hafði á færi sínu að viðhalda eða breyta valdi og valdastöðum.<sup>33</sup> Því félagslega umhverfi sem átti að meðtaka framsetningu þess valds sem safnið bar með sér. Augnaráð (e. *gaze*) þeirra sem voru í félagslegu umhverfi „prinsins”, eða valdhafans, var stýrt á skipulegan hátt. Þeir sem heimsóttu Medici safnið voru bundnir af þeim möguleikum sem safnið fól í sér. Sjónarhorn valdhafans, var uppspretta þess ljóss sem varpað var á þá tjáningu sem safngripirnir og safnið sjálft fólu í sér. Framsetningin, samhengi hennar og það samhengi sem hún gat af sér bjó einnig til samhengi á milli þekkingar og valds.<sup>34</sup>

Söfn og söfnun gegndu mikilvægu hlutverki í því að búa til samhengi þekkingar; í þekkingarsköpun.<sup>35</sup> Sir Francis Bacon áleit, til að mynda, að enginn heldri maður ætti að vera

---

<sup>32</sup> Eilean Hooper-Greenhill 1992: 38. [...] subjects, spaces, material things, activities, and knowledge were formed in a complex interrelationship. Mín þýðing.

<sup>33</sup> Bennett 1995 og Hooper-Greenhill 1992.

<sup>34</sup> Bennett 1995, Walsh 1992, Hooper-Greenhill 1992 og Foucault 1970.

<sup>35</sup> Macdonald 2007.

án þess sem kallaðar voru furðuverkahirslu (e. *cabinet of curiosities*).<sup>36</sup> Slíkar hirslur voru einkasöfn, sem samanstóðu af margvíslegum gripum frá framandi slóðum. Þar ægði saman allskyns hlutum. Gripirnir gegndu því hlutverki helst að sýna „alheiminn” og ekki síður, að skapa sjónrænt þau tengsl og það net þekkingar sem Foucault<sup>37</sup> hefur lýst. Þótt slíkar hirslur ættu sér stuttan líftíma og lýstu, ef till vill, öðru fremur hugarheimi þess er safnaði þá sýna þær hugmyndir um þekkingu og þekkingaröflun þess tíma. Ennfremur eiga þær sér samhljóm í söfnum samtímans.<sup>38</sup> Þekkingarfræði endurreisnarinnar byggði á því að greina tengsl hluta með því að finna þau duldu tákni sem inngreipt voru í gripina. Að greina tengsl á milli hluta var þekking. Það sem að furðuverkahirslur innihéldu miðaði gjarnan að því að staðfesta hin duldu tákni. Þar með samhengi hlutanna og þekkingu.<sup>39</sup> Heiminum var skipt upp í alheim, sem fól í sér allt sem viðkom náttúrunni og var skapað af Guði, og svo smækkaða mynd hans, sem fól í sér afurðir mannsins á borð við listir og menningu.<sup>40</sup>

Sú breyting á þekkingarsköpun sem Foucault<sup>41</sup> rekur, á sér hliðstæðu í þekkingarlegri afstöðu milli menningar og nátturu. Dæmi um það er leikhús minninganna. Robert Fludd sérhæfði sig í yfirskilvitlegri heimsspeki, og skapaði leikhús minninganna, þar sem alheimurinn er settur saman úr “náttúru”, því sem ekki er manngert, og “listum”, þ.e. þekkingu og sköpun. Þetta leikhús kallaði Fludd “Ptolemaic Universe” og var náttúran sett fram í líki föngulegrar meyjjar með táknum fyrir völd hennar en listir voru settar fram sem api, eins konar aðstoðardýr náttúrunnar, en án hans ætti jörðin ekki þann möguleika að vera staður gleði og fegurðar.<sup>42</sup>

---

<sup>36</sup> Walsh 1992 og Hooper-Greenhill 1992.

<sup>37</sup> Foucault 1970.

<sup>38</sup> Hooper-Greenhill 1992.

<sup>39</sup> Foucault 1970 og Hooper-Greenhill 1992.

<sup>40</sup> Hooper-Greenhill 1992.

<sup>41</sup> Foucault 1970.

<sup>42</sup> Hooper-Greenhill 1992: 110.

## Að skynja

Í stað þess að leita samsömunar byggðist þekking hins klassíska tímabils á því að leita að mismuni. Samanburður varpaði ljósi á hina mannlegu sjálfsmynd. Hvort heldur sem að hann var á milli hluta og fyrirbæra, þá réðu mælingar og uppröðun á sýningum úrslitum þegar kom að skilningi mannsins á veröldinni. Skipan hlutanna skapaði því þá þekkingu sem maðurinn eigin stöðu í veröldinni.<sup>43</sup> Augnaráð mannsins, takmarkaðist við það sem hægt var að skoða og bera saman. Aðeins hið samanburðarhæfa, mælanlega og sjáanlega féll að því sviði sem sköpun þekkingar náði yfir. Afstaða til hlutanna og sögusagnir voru almennt ekki teknar gildar, né heldur ómælanlegar og ólýsanlegar upplifanir líkt og bragð og lykt. Líkami mannsins var hlutlægur; aðskilin tilvist sem gat tekið við valdbeitingu. Hið sjónræna var ofar öllu enda mátti lýsa því sem fyrir augu bar með orðum tungumálsins.<sup>44</sup> Þótt ekki séu heimildir fyrir því hvernig og hvort skynjun hafi verið raðað í stigveldi á hinu klassíska tímabili, má, í ljósi þekkingarsköpunar þess tíma, gera ráð fyrir að svo hafi verið. Í hinum vestræna heimi hefur skynjun verið flokkuð frá hinni óæðstu til þeirrar æðstu og hefur hið sjónræna, það sem hin klassíska þekking byggði á, trónað á toppnum sem hin æðsta skynjun. Stigveldi skynjunar er jafnan háð félagslegu stigveldi og notað til að koma á og varðveita valdaskipulag samfélagsins. Æðri skynjun er tengd þeim sem valdið hafa. Hið sjónræna og heyrn er hefur verið tengt hinu karllæga. Hið kvenlega hefur verið tengt því sem, í stigveldi, flokkast sem óæðri skynjun, s.s. lykt, snerting og bragð.<sup>45</sup>

---

<sup>43</sup> Foucault 1970.

<sup>44</sup> Hooper-Greenhill 1992.

<sup>45</sup> Howes 2004.

## Að aga

Söfnun gripa hafði vissulega átt sér stað, í aldanna rás, líkt og fyrri umfjöllun ber með sér og hugmyndir Foucault um “effective history” vísa til.<sup>46</sup> En tilgangur söfnunar gripa – hvernig sú þekking sem söfnunin og framsetningin varpaði ljósi á var sköpuð, og að hverjum hún beindist, breyttist all verulega á átjándu öld, á því tímabili sem meðal annars markast af Frönsku byltingunni 1789-1799. Franska byltingin byggði á lögmæti fólksins. Samfélagsleg yfirráð borgarastéttarinnar tóku við stigveldi og misskiptingu valds og auðs. Í stað einveldis var stofnað ríki sem stýrt var af fólkinu með lýðræðislegum stjórnunarháttum þess tíma. Við tók ríkisstjórn sem hafði stjórnun á borgurunum og velferð þeirra að markmiði. Franska byltingin leiddi af sér aðstæður sem áttu eftir að liggja til grundvallar nýrri tegund safna. Í stað einkasafna þar sem að söfnun gripa byggði á smekk og hagsmunum einkaaðila, kom ríkið á fót söfnum sem almenningur hafði aðgang að. „Almenningssafnið kom fram á sjónarsviðið sem herferð ríkisins til að beina íbúunum inn á brautir athafna sem myndu, án þess að fólk tæki eftir því, umbreyta íbúunum í nýtsama auðlind fyrir ríkið.”<sup>47</sup>

Valdið var fólksins og safninu var ætlað að varpa ljósi bæði á valdataeki fyrri valdhafa og hið nýja lýðveldi.<sup>48</sup> Sem hluthafi í hinu nýja ríki tók maðurinn við frásögn safna sem nú fjallaði um hann sjálfan og þróun hans á víðari þekkingarfræðilegum grunni en áður hafði þekkt. Sá samanburður sem klassísk þekking bar með sér mótaði skilning mannsins á veröldinni og stöðu hans í henni. Og brýndi einnig þörfina fyrir samlíkingu á milli þeirra mismunandi þátta sem Foucault<sup>49</sup> hefur líkt við skákborð tiltekinna ímynda. Hlutum sem líktust hvert öðru var raðað saman. Þeir mynduðu kerfi líkt og fletir skákborðs; í senn samstæðir og ósamstæðir. Heildin byggði á samsömun en það sem að var ólíkt og laut ekki lögmálum samsömunar var undanskilið. Það var skilið frá skákborði samsömunar og gert að vera í bakgrunninum. Söfnun og sýningar safna miðast, hinsvegar, við að sýna samfellu, það

---

<sup>46</sup> Hooper-Greenhill 1992.

<sup>47</sup> Eilean Hooper-Greenhill 1992: 168. The Public museum emerged as one of the campaigns of the state to direct the population into activities which would without people being aware of it, transform the population into a useful resource for the state. Mín þýðing.

<sup>48</sup> Hooper-Greenhill 1992.

<sup>49</sup> Foucault 1970.

sem er ólíkt en tengt með einhverjum hætti. Saman móta þessir þættir ímynd þeirra sem eiga þátt í að skapa framsetninguna. Foucault<sup>50</sup> hefur, ennfremur, bent á að þessi skipan hafi leitt klassíska tímabil þekkingarfræðinnar yfir í módernismann.

Sautjándu- og átjándu aldar menn hugsa ekki um auðæfi, náttúru, eða tungumálið með tilliti til þess að þeir hafi erfð af það frá fyrri öldum. Né á þann hátt að það hafi boðað uppgötvanir í náinni framtíð. Þeir hugsa um það með tilliti til almenns fyrirkomulags sem mælir, ekki aðeins, fyrir um hugmyndafræði og aðferðir, heldur segir einnig í grundvallaratriðum, til um ákeðinn hátt tilveru tungumálsins, nátturulegra einstaklinga, og því sem þarfir og þrjár beinast að; þessi háttur tilveru er háttur framsetningar.<sup>51</sup>

Maðurinn birtist sem handhafi þekkingar og skapar rými safns þar sem að hann leitast við að skapa einhverskonar heild úr mismunandi sögulegum og menningarlegum brotum.<sup>52</sup> Sú heild myndaði frásögn af mannum í veröldinni. Frásögn sem, ef þekkingarfræði Foucault<sup>53</sup> er notuð, byggði á samlíkingu. Samlíkingu við þann sem mótaði frásögnina. Frásögnin, sú heild sem leitast er við að skapa og fjallar um þróun mannkyns frá hinu frumstæða til hins þróaða, var einhliða og karllæg. Hún var réttlætning á samfélagi sem var sett saman af hinum hvíta, miðstéttar karlmanni<sup>54</sup>. Konur höfðu ekki rétt eða tækifæri til grundvallar uppbyggingar samfélagsins, þess sem laut að hinu hagræna. Þær höfðu ekki vald þegar kom að uppbyggingu landssvæða, viðskiptum, stórnámum og stríði.<sup>55</sup> Völd til samfélagslegrar uppbyggingar voru karllæg. Konur gegndu hlutverki „hinna“, þær voru álitnar hluti heildarinnar en lutu ekki menningarlega skilgreindri samsömun – við hinn hvíta miðaldra karlmann og voru því dæmdar til þess að standa á jaðrinum.<sup>56</sup> Það átti ekki síður við um þá frásögn sem mótuð var

---

<sup>50</sup> Foucault 1970.

<sup>51</sup> Michel Foucault 1970: 208. The men of the seventeenth and eighteenth centuries do not think of wealth, nature, or languages in terms that had been bequeathed to them by preceding ages or in forms that presaged what was soon to be discovered; they think of them in terms of a general arrangement that not only prescribes their concepts and methods, but also, more fundamentally, defines a certain mode of being for language, natural individuals, and the objects of need and desire; this mode of being is that of representation. Eigin þýðing.

<sup>52</sup> Foucault 1970, Bennett 1995 og Hooper-Greenhill 1992.

<sup>53</sup> Foucault 1970.

<sup>54</sup> Walsh 1992, Bennett 1995 og Stuart Hall, 1997.

<sup>55</sup> Marjorie Schwarzer 2007.

<sup>56</sup> Foucault 1970 og Porter 1996

undir yfirlráðum karla. Að jaðargerð kvenna á söfnum verður komið síðar, en hafa ber í huga að hún á sér djúpar rætur í sögu og þekkingarfræði Vesturlanda.

## Að hafa valdið

Á nítjándu öld myndaðist þrileikur nýlendustefnu, karlmennsku og þjóðernishyggju. Á söfnum var komið fyrir gripum sem fengist höfðu í landvinningum og sem í mörgum tilfellum urðu hluti þeirrar sögu sem þau settu fram. Áhrif sem árásir annarra þjóða gætu hafa haft á söguna eða framsetningu hennar voru afmáð. Hin sögulega framsetning var oft undir sterkum áhrifum af þeim sigrum og karlmennsku sem valdhafar kusu að setja fram. Að sama skapi voru ósigrar ekki greinanlegir<sup>57</sup>. Gripir safna höfðu ekki lengur það hlutverk að svala forvitni hinna fáu, heldur að upplýsa fjöldann,<sup>58</sup> en Hooper-Greenhill<sup>59</sup> bendir á að hlutverk safna á þessum tíma hafi verið tvíþætt; það hafi verið lýðræðisleg menntastofnun fjöldans og ennfremur hof listanna, sem aðeins var ætlað hinum útvöldu. Tony Bennett<sup>60</sup> tekur í sama streng og bendir á að:

Almenningssafn listaverka gefur einnig vísbendingar um ný afbrigði félagslegra tengsla. Gestur á höfðinglegri sýningu á listaverkasafni gæti hafa dáðst að fegurð einstakra verka, en samband hans við safnið var í raun framlenging á félagslegu sambandi hans við höllina og höfðingjann. Sýningarsalur höfðingjans talaði um hann og fyrir hönd hans [...] Á safninu er sá auður sem felst í safni verkanna. Það er eftir sem áður sýning á auðæfum þjóðarinnar og á, enn, að vekja aðdáun. En núna er ríkið, sem óhlutbundin tilvist, gestgjafi í stað konungsins. Þessi breyting endurskilgreinir gestinn. Hann er ekki lengur þegn prins eða höfðingja. Nú er komið fram við hann sem borgara og þar af leiðandi hluthafa í ríkinu.<sup>61</sup>

---

<sup>57</sup> Amy K. Levin, 2010.

<sup>58</sup> Bennett, 1995.

<sup>59</sup> Hooper-Greenhill, 1992.

<sup>60</sup> Bennett 1995.

<sup>61</sup> Carol Duncan og Alan Wallach í Bennett 1995: 38. The public art collection also implies a new set of social relations. A visitor to a princely collection might have admired the beauty of individual works, but his relationship to the collection was essentially an extension of his social relationship to the palace and its lord. The princely gallery spoke for and about the prince. [...] In the museum the wealth of the collection is still a display of national wealth and is still meant to impress. But now the state, as an abstract entity, replaces the king as host. This change redefines the visitor. He is no longer the



Hlutverk samfélagsþegna, borgara, var einnig tvíþætt. Annars vegar voru þeir hluthafar í ríkinu og gestgjafar og að því er virðist, skaparar þeirrar þekkingar sem framsetningin bar með sér. En einnig voru þeir hluti stærri heildar, lýðræðisins sem fól í sér yfirfærslu valdsins (að því er virtist) frá hinum fáu til fólksins. Þessi yfirfærsla frá hinu lokaða safni auðmannsins til hins opna safns lýðsins kallaði á tæki til ögunar á lýðnum. Dregin var fram í dagsljósið tækni sem átti rætur sínar í samfélagslegum einingum þar sem krafist var hlýðni, s.s. í hernum og byggði á eftirliti þeirra hærra settu á þeim sem lægra stóðu í virðingarstiganum. Einnig því að gera eftirlit og dóma að eðlilegum aðförum.<sup>62</sup>

Þótt þessi tegund valdbeitingar og fjöldi annarra utan að komandi þátta hafi átt stóran þátt í þeirri þróun sem mótað hefur söfn í dag - þeirri hugmyndafræði sem þau byggja á - þá verður, með markmið ritgerðarinnar í huga, fjallað um innra skipulagi safna og kvenlegar og karllægar áherslur í framsetningu þeirra. Því verður þó haldið til haga að ekkert safn er eyland, ósnert af þeim þáttum sem eiga sér stað í samfélaginu, mótun þess og þróun, heldur þvert á móti.

---

subordinate of a prince or lord. Now he is addressed as a citizen and therefore a shareholder in the state. Eigin þýðing.

<sup>62</sup> Bennett 1995 og Hooper-Greenhill 1992.

## Safn

Í Frakklandi, svo dæmi sé tekið, voru gripir úr fórum aðalsins, færðir til almenningssafna á borð við Louvre. Þar voru þeir hafðir til sýnis fyrir hinn almenna borgara. Tilfærsla á gripum frá einum stað til annars hafði í för með sér rof á því samhengi sem þeir höfðu verið í. Á nýjum stað var þeim raðað í nýtt samhengi sem varpaði fram ríkjandi heimsmynd (Bennett, 1995 : Hooper-Greenhill, 1991). Tílfærsla á gripum frá einkasöfnum til almenningssafna átti upphaf sitt í Frakklandi en breiddist fljótlega út til flestra landa Evrópu. Þær breytingar sem urðu á eignarhaldi safna, samsetningu gripa og safngestum mörkuðu upphafið af sérhæfingu í safnastarfi og því stigveldi sem er að finna í innri formgerð safna (Hooper-Greenhill, 1991). Iðnbýltingin, söfnun auðæfa og þéttbýlismyndun bar með sér þróun þar sem að menning varð margbreytilegri, stofnunum fjölgaði og efnahagskerfið varð flóknara. Þetta jók mikilvægi stofnana á borð við söfn, við mótun þekkingar.<sup>63</sup> Framsetning byggði ekki lengur á því að sagan væri skoðuð út frá þeim þáttum sem áttu sér stað á sama tíma; samsömun og samhljóm. Sýningar vörpuðu ekki lengur ljósi á heildræna skipan hlutanna. Breytingar á áhrifum framsetninga lá ekki innan hennar sjálfra heldur utan þeirra Vald framsetningarinnar til að skilgreina hluti og þekkingu var á undanhaldi. Tilgangur hennar var þó hinn sami; að finna heildræna skipan ímynda og misræmis, en leiðunum að þekkingunni fjölgar og hin raunverulega verund þess sem er sett fram fellur utan framsetningarinnar.<sup>64</sup>

Samkvæmt greiningu Hooper-Greenhill<sup>65</sup> varð hugmyndin um safn til við þröskuld endurreisnarinnar. Þekking mannsins byggði á þörfinni til að henda reiðu á veröldina, skapa samfellu og skilgreina sjálfan sig frá “hinum”.<sup>66</sup> Við þetta upphaf varð maðurinn sá miðpunktur sem allt annað miðast við. Kelly-Gadol<sup>67</sup> hefur bent á að á sama tíma hafi þrengt að stöðu kvenna. Því má leiða líkum að því að, þótt skilgreining hins karllæga og kvenlega

---

<sup>63</sup> Walsh 1992 og Bennett 1995.

<sup>64</sup> Foucault 1970.

<sup>65</sup> Hooper-Greenhill 1992.

<sup>66</sup> Foucault 1970.

<sup>67</sup> Kelly-Gadol 1976.

hafi, að öllum líkindum, ekki samræmst þekkingu þess tíma, þá megi greina vísbendingar um karllægan grundvöll safna sem stofnana og þess rýmis þar sem þekking er sett fram. Einnig má greina karllægan grundvöll þeirrar þekkingar sem þróast hefur. Sú þekking sem framsetning safna byggði á mótaðist af karllægni. Konur dvöldu í skuggum jaðars framsetningarinnar á meðan að kastljósið beindist að hinu karllæga.<sup>68</sup> Hvort um er að ræða samspil orsaka og afleiðinga, verður ekki greint að sinni, en leiða má líkum að því að þarna megi greina kynjun safna, bæði sem stofnana en einnig þegar kemur að framsetningu kvenna í rými þeirra.

---

<sup>68</sup> Porter 1996.

## Stigveldi

Í kjölfar iðnbyltingarinnar voru söfn að því er virtist, lýðræðislegt rými. Þar var sett fram þekking sem sköpuð var af manningum fyrir manninn. Á þennan hátt voru söfn einnig staður þar sem að pólitískt vald gat nýtt kennivald safna til að setja fram ákveðna mynd sem studd var af gripum safna, þ.e. studd af sönnunargögnum<sup>69</sup>. Með söfnun eru hlutir teknir úr samhengi sínu. Venjulegir gripir verða óvenjulegir; hlaðnir merkingu sem fundin er eftir vísindalegum leiðum og verða þannig tákn yfirráða<sup>70</sup>. Merking er bókstaflega „annarsstaðar“. Gripir eru settir á svið og það samband sem þeir mynda í framsetningu varpar fram tilteknu sjónarhorni á söguna. Þau skilgreindu sambönd sem eru á milli gripanna mynda net og merking er beygð undir það net.<sup>71</sup> Gripir og staðreyndir eru hluti af frásagnalist sem er beitt til þess að sannfæra aðra um þá frásögn sem sett er fram.<sup>72</sup>

Auðmenn ánöfnuðu gjöfum til safna, annað hvort í formi rekstarfjár eða gripa. Slíkar gjafir þjónuðu ákveðnum tilgangi; að varpa fram þeirri talsýn að viðkomandi hefði ánaðnað samfélaginu föðurleifð sinni, en ekki risið til frama með hjálp hins kapítalístíska hagkerfis.<sup>73</sup> Karlar réðu því tveimur lífæðum safna; peningum og valdi. Með auðmagni héldu þeir lífi í söfnunum og stuðluðu jafnvel að framgangi og framþróun þeirra, sem þeir aftur stýrðu með því að taka sæti í stjórnnum safnanna.<sup>74</sup> Eiginkonur stóreignamanna voru í einhverjum tilfellum einnig viðriðnar safnastarfið og ánöfnuðu þær stofnununum safni verka, líkt og Bertha Palmer, sem gaf Art Institute of Chicago safneign sína sem samanstóð af helstu verkum impressjónista. Bera fór á því að konur þessar stofnuðu með sér hópa sem tengdust söfnunum og örla fór á upphafi tímabils þar sem að heimsóknir á listasöfn og menningarminjasöfn voru

---

<sup>69</sup> Macdonald 2007.

<sup>70</sup> Gordon Fyfe 2006.

<sup>71</sup> Donald Preziosi 2011.

<sup>72</sup> Haraway 1988.

<sup>73</sup> Levin 2010.

<sup>74</sup> Schwarzer 2010.

taldar til kvenlegrar iðkunar. Heimsóknir á söfn, sem fjölluðu um náttúru og vísindi töldust, hinsvegar, til hins karllæga.<sup>75</sup>

Seint á níttjándu öld höfðu konur lítil sem engin tækifæri til að koma með beinum hætti að uppbyggingu samfélagsins. Margar konur í efri lögum samfélagsins fundu þó starfskröftum sínum farveg. Starf þeirra átti sér stað á bak við hin karllægu tjöld og með samvinnu og samtakamætti náðu þær töluverðum framgangi í því að afla fjár og byggja upp starf sem laut að ýmsum mannúðarmálum.<sup>76</sup> Völd þau er konur höfðu tekið sér vörðu hinsvegar, ekki lengi. Eftir borgarastríð Bandaríkjanna, undir lok iðnbyltingarinnar, varð bakslag í þeim róttæku aðgerðum sem konur höfðu staðið fyrir. Kreppa og ójafnari skipting auðmagns en áður hafði þekkt, breytti því samhengi sem talskonur félagslegra útbóta höfðu starfað í.<sup>77</sup> Þeim var því ýtt til hliðar í þeim samtökum sem þær höfðu sjálfar stofnað til. Sú hugmynd hafði verið uppi til skammst tíma að kvenlegir eiginleikar myndu bæta samfélagið og gera það mannúðlegra. Hún var nú á undanhaldi. Nauðsynlegt þótti að karllæg gildi stjórnun og takmörkuðu útbreiðslu tilfinningahlaðinna hugmynda og aðgerða sem ekki samræmdust þeirri nytjahyggju sem fór að marka spor í hugmyndafræði samfélagsins, uppbyggingu þess og stjórnun. Ekki þótti lengur þörf fyrir það sem skilgreind voru sem kvenleg gildi og vettvangur mannúðarstarfa, þar sem að konur höfðu gegnt lykilhlutverki, gufaði upp.<sup>78</sup>

Hið „kvenlega“ var afnumið úr vinnu við félagslegar úrbætur og góðgerðarmál. Fremur skyldi notast við hugmyndir og aðferðir vísindanna þegar kom að því að byggja upp og viðhalda kerfi sem lyti að velferð borgaranna.<sup>79</sup> Kröftum þeirra kvenna, sem áður höfðu unnið ötulllega að velferðarmálum og verið þar í forsvari, var beint á svið sem þóttu „kvenlegri“; að listum og menningu og þótti reynsla þeirra af skipulagsstörfum henta vel á almenningssöfnum, sem þá voru í mótun.<sup>80</sup> List þeirra og menningarstarfssemi gæti þó aldrei náð því sviði og þeirri stöðu sem karlkyns listamenn höfðu. Litið var á verk kvenna sem föndur áhugamannsins og þau skoðuð með hlutverk kynjanna í huga.<sup>81</sup>

---

<sup>75</sup> Levin 2010.

<sup>76</sup> Schwarzer 2010.

<sup>77</sup> Lori D. Ginzberg 1986.

<sup>78</sup> Schwarzer 2010 og Ginzberg 1986.

<sup>79</sup> Ginzberg 1986.

<sup>80</sup> Schwarzer 2010.

<sup>81</sup> Katy Deepwell 2006.

Baráttan fyrir kosningarétti var barátta kvenna fyrir valdi til jafns við karla. John Stuart Mill benti á að jafnræði fengist aðeins með rétti kvenna til að tjá pólitískar skoðanir sínar og eiga þátt í breytingu á þeim samfélagslegu þáttum sem leiddu til kúgunar, með atkvæði þeirra í kosningum.<sup>82</sup> Það var ekki fyrr en árið 1920 sem konur fengu kosningarétt í Bandaríkjunum, og stóðu margar í þeirri trú að með þeim rétti væri jafnrétti náð.<sup>83</sup> Tveimur árum áður höfðu breskar konur sem uppfylltu ákveðin skilyrði fengið kosningarétt, en það var ekki fyrr en 1928 sem sá réttur var allra lögráða kvenna. Baráttan fyrir kosningarétti kvenna, og þá jafnrétti, byggði í Bretlandi á svipuðum grunni og í Bandaríkjunum. Draumurinn var að konur af öllum stéttum gætu, með því valdi sem atkvæðisrétturinn færði þeim, byggt upp lýðræðislegt samfélag sem byggði á kvenlegum gildum; umhyggju og umönnun<sup>84</sup>. Kosningarétturinn var í höfn, rétturinn sem margar konur álitu að myndi veita konum stöðu til jafns við karla.<sup>85</sup>

---

<sup>82</sup> Sandra Stanley Holton 1986 og Rosemarie Tong 1989.

<sup>83</sup> Tong 1989.

<sup>84</sup> Holton 1986.

<sup>85</sup> Tong 1989.

## Kona

*„For most of history, Anonymous was a woman.” (Virginia Woolf)*

Við upphaf iðnbyltingarinnar á fyrri hluta átjándu aldar hrakaði félagslegri og efnahagslegri stöðu kvenna innan samfélagsins. Með vélvæddri framleiðslu varð til almennur vinnumarkaður. Þangað flutti stór hluti þeirrar framleiðslu sem hafði verið inni á heimilum og undir stjórn kvenna. Í Bretlandi fundu konur í borgarastétt fyrst fyrir breytingum á þessu sviði. Með minnkandi vinnuframlagi til heimilisins rénuðu áhrif þeirra á afkomu fjölskyldunnar. Í kjölfar þeirra breytinga jókst þátttaka kvenna í samfélagslegum málefnum til muna. Þær stofnuðu með sér kvenfélög þar sem að unnið var að samfélagslegum velgjörðarmálum.<sup>86</sup> Kaplan<sup>87</sup> og Smith-Rosenberg<sup>88</sup> hafa bent á að starf kvenna í kvenfélögum hafi átt þátt í því að með þeim skapaðist samfélagsleg vitund. Við vinnu að velgjörðarmálum hafi konur bundist böndum. Aukin samfélagsleg vitund ásamt útilokun frá hinum karllæga heimi hafi átt stóran þátt í sameiginlegri baráttu kvenna fyrir samfélagslegri þátttöku.<sup>89</sup>

Þrátt fyrir að karlar hefðu tögl og haldir í starfsemi safna beggja vegna Atlantshafsins, um og eftir fyrri heimsstyrjöldina, tóku konur þátt í rekstri þeirra. Í Bandaríkjunum gegndu konur mikilvægum stöðum og í undantekningar tilfellum stjórnunarstörfum á söfnum. Í Bretlandi eru dæmi þess að konur séu upphafsmenn að stofnun mikilvægra safna og í einhverjum tilfellum lögðu þær sjálfar í leiðangra til að safna gripum líkt og Mary Henrietta Kingsley og Miriam Rothschild. Kingsley sem kom á fót safni skriðdýra og fiska fyrir British Museum, en Rothschild vann við flóasafn föður síns. Framlag þeirra til safnastarfs var mikilvægt. Vinna

---

<sup>86</sup> Sjá m.a. Tong 1989 og Schwarzer 2010.

<sup>87</sup> Temma Kaplan 1982.

<sup>88</sup> Carrol Smith-Rosenberg 1975.

<sup>89</sup> Sjá m.a. Smith-Rosenberg 1975, Kaplan 1982 og Tong 1989.

þeirra var þó ólaunuð og þær höfðu ekki formlega stöðu innan þeirra safna þar sem þær unnu. Menntun sú sem þurfti til stöðuveitinga var ekki á þeirra færi.<sup>90</sup>

Á meðan á seinni heimsstyrjöldinni stóð var algengt að konur tækju við þeim hlutverkum sem karlar höfðu fram að því gegnt á söfnum. Þegar henni lauk þurftu þær konur sem tekið höfðu við stöðum karla frá að hverfa. Stjórnvöld ýttu úr vör sértækum aðgerðum sem miðuðu að því að þeir karlar sem barist höfðu í annarri heimsstyrjöldinni gætu snúið aftur starfa. Konur létu af þeim stjórnunarstörfum sem þær höfðu gegnt í stríðinu og karlar tóku við á ný. Starf á safni samræmdist þörfum margra karla sem höfðu kynnst framandi menningu við hernað utan landssteinanna. Með endurkomu karla inn á vinnumarkaðinn breyttust stjórnunarhættir. Þeir tóku að miðast við þá valdauppbyggingu og aðferðir við gerð áætlana sem hingað til höfðu einungis einkennt karllægan stríðsrektor. Þessar breytingar voru á kostnað aðferða sem höfðu rutt sér til rúms undir stjórn kvenna. Samvinna og samkomulag lutu í lægra haldi fyrir hernaðarlegri áætlanagerð og stjórnkænsku.<sup>91</sup> Sú þekking, sem karlar höfðu tileinkað sér úr stríðsrekstri og var nú notuð við skipulag og rekstur fyrirtækja og stofnana, og talin nær einungis á þeirra færi. Enn og aftur færðu konur fórnir og stigu til hliðar, til að viðhalda formgerð samfélagsins og stofnana þess. Birtingarmynd þess sem gerir yfirráð eins samfélagshóps yfir öðrum að þungamiðju samfélagsins með allsherjar samþættingu þekkingar, valds og skipulagssnilli auk þeirra afurða sem sú samþætting leiddi af sér.<sup>92</sup> Konur hurfu því aftur til þeirra starfa sem féllu undir sjálfböðavinnu, velgjörðarmál og fræðslu í stað þeirra sem talin voru karllæg, s.s. sýningarstjórn og fræðimennsku.<sup>93</sup> Konur sinntu í sjálfböðavinnu mikilvægum störfum innan safna. Lítið var gert úr þessu vinnuframlagi kvenna sem þó var ómissandi þáttur í daglegri starfsemi og rekstri safna. Konur inntu af hendi verk sem voru lítt áberandi en þær stöður sem karlar gegndu nutu athygli. Karlar innan safna bundust böndum og mynduðu mér sér lokað samfélag; félag reynslubolta. Á sama tíma gegndu konur ólaunuðum störfum innan safna og öfluðu, með góðgerðarstarfi, þeirra fjármuna sem skiptu sköpum í rekstrinum.<sup>94</sup>

---

<sup>90</sup> C.V. Burek og B. Higgs 2007.

<sup>91</sup> Schwarzer 2010: 19.

<sup>92</sup> Foucault 1982.

<sup>93</sup> Schwarzer 2010 og Ruth Adams 2010.

<sup>94</sup> Schwarzer 2010: 19.



„Félag reynslubolta”, eins og Schwarzer orðar það, lifði góðu lífi sem og þau valdatengsl sem þróast höfðu í tímans rás. Örsjaldan virðist sem konur hafi leitast eftir hlutverkum á borð við stjórnun safna en jafn harðan verið ýtt til hliðar. Þeim var gert að fórna sér fyrir háleit markmið og stíga inn í skugga jaðarsins. Bæði þegar kom að stjórnun safna og mótun þeirra og einnig við verkefni tengd sýningum. Á sjöunda áratug síðustu aldar, eftir fjörutíu hljóðlát ár, risu konur hins vegar upp á ný. Ný kynslóð femínista lagði áherslu á að frelsi kvenna fælist í efnahagslegum tækifærum og yferráðum yfir eigin líkama.<sup>95</sup> Konur bundust samtökum af ýmsu tagi og stofnuðu með sér baráttuhópa. Sumir hópar með það að markmiði að vekja konur til vitundar um kúgun þeirra. Markmið þessara hópa kvenna var að koma á samfélagslegum umbótum. Enn aðrar stofnuðu hópa sem börðust fyrir stöðu kvenna með því að beita stofnanir bæði félagslegum og lagalegum þrýstingi. Í Bandaríkjunum voru sett lög þar sem að mismunun byggð á kyni var bönnuð.<sup>96</sup> Þrátt fyrir innsetningu slíkra lagaákvæða studdu stofnanir samfélagsins viðvarandi ástand. Það átti við um ótal stofnanir og voru menningarstofnanir síst undanskildar, líkt og kemur fram í svokallaðri Belmont skýrslu.<sup>97</sup> Gerð skýrslunnar var á höndum karla og undir þeirra stjórn og hvergi var minnst á hlut kvenna þegar kom að söfnum.

Í kjölfar nýrrar vitundarvakningar meðal kvenna upp úr 1970 og þess vaxtakipps sem safnaheimurinn hafði tekið vegna aukins fjármagns til menningarstarfsemi, gafst konum tækifæri til starfa á söfnum sem þær nýttu til hins ítrasta. Betty Friedan skrifaði hina áhrifamiklu bók *The Feminine Mystique* þar sem að konur voru hvattar til að efla sig sem atkvæðamikla einstaklinga með því að fara út á vinnumarkaðinn því vel mætti samræma vinnu og fjölskyldulíf. Hún lét þó hjá líða að hvetja til samfélagslegra breytinga til að konum yrði raunverulega kleift að sinna báðum sviðum lífs síns, t.a.m. jafnari verkaskiptingar kynjanna. Leiðina til breytinga, sagði hún vera þá að konur afsöluðu sér kvenlegum gildum og tækju sér stöðu við hlið karla á vinnumarkaði. Það yrði þeim kleift með því að tileinka sér karllæg gildi.<sup>98</sup> Líkt og vænta mátti komu þessar hugmyndir af stað róttækum breytingum á safnastarfi víða um heim, bæði því sem sneri að safngestum en einnig því sem tengdist

---

<sup>95</sup> Sjá Tong 1989 og Schwarzer 2010.

<sup>96</sup> Tong 1989.

<sup>97</sup> Belmont skýrslan var kom út árið 1969 fyrir félag amerískra safna, AAM (e. *American Association of Museums*). Skýrslan boðaði upphafið af stöðluðu mati á starfsemi safna.

<sup>98</sup> Sjá Tong 1989.

innviðum safna. Aukin þátttaka kvenna svipti smám saman hulunni af þeim karllæga heimi sem söfn höfðu hingað til einkennst af. Um leið náðu þau tókum á þeim karllægu stjórnunarháttum og vinnuaðferðum sem viðgengust. Konur settu spurningarmerki við jaðarstöðu kvenna og leiddu í ljós hvernig saga, listasaga og söfn voru hugmyndafræðilega karllægar stofnanir. Hið nýju sjónarhorn leiddi til endurmats á hlut kvenna í listasögunni og varpaði það gagnrýnu ljósi á þann kynjahalla sem var að finna á söfnum og í þeirri orðræðu sem tengdist stöðu þeirra innan safna. Í störfum sínum á söfnum nutu konur þó ekki jafnræðis. Laun þeirra voru umtalsvert lægri en karla í sömu stöðu og þær höfðu ekki sama aðgang að ákvarðanatökum. Sem dæmi má nefna að á þessum tíma voru færri en tíu prósent stærstu listasafna í Bandaríkjunum með konu við stjórnvölinn. Þeir sem gegndu ábyrgðar- og stjórnunarstöðum innan safna voru einsleitir hópur. Í lang flestum tilfellum var um að ræða karlmenn í sömu stétt og með samskonar bakgrunn. Samheldni innan hópsins tryggði forræði karla á söfnum.<sup>99</sup>

---

<sup>99</sup> Schwarzer 2010 og Adams 2010.

## Í heimi karla

Á níunda og tíunda áratug síðustu aldar hafði fjöldi þeirra kvenna sem aflaði sér háskólamenntunar vaxið í hinum vestræna heimi. Konur sóttu háskólamenntun til jafns við karla sem gaf fyrirheit um jafnari stöðu á vinnumarkaði.<sup>100</sup> Í kjölfar aukins fjölda menntaðra kvenna á vinnumarkaði tók að bera á annars konar hugarfari en áður hafði þekkst. Í stað karllægra vinnuaðferða sem einkenndust af þeim aðferðum sem beitt er í bardaga og stríði var kvenlegum gildum hampað. Kvenleg gildi og þær aðferðir sem konur höfðu beitt á sviði einkalífsins þóttu vel til þess fallnar að koma í þeirra stað. Hin kvenlega samvinna skyldi koma í stað hinnar karllægu samkeppni. Vinnuaðferðir sem einkenndust af samvinnu höfðu um langt skeið verið hluti af starfsháttum þeirra kvenna sem störfuðu á söfnum. Nú voru þær aðferðir dregnar upp á yfirborðið og þeim hampað enda féll það ákaflega vel að þeim áherslum um margbreytileika og fjölmenningu sem einnig einkenndi umræðuna á þeim tíma. Samvinna stofnana þótti eftirsóknarverð. Einnig þótti eftirsóknarvert safnastarf og framsetning sem byggði á fjölmenningu og ólíkum gildum mismunandi hópa samfélagsins. Safnið skyldi vera vettvangur ólíkra samfélagshópa en þar myndi reynsla kvenna af samfélagslegum tengslum og tengslamyndun koma í góðar þarfir.<sup>101</sup>

Innan safna jókst fjöldi kvenna, þær urðu fleiri, sýnilegri og smám saman valdameiri í stjórnun þeirra. Í Bandaríkjunum skutu hópar kvenna, hliðstæðir hinum karlkyns „reynsluboltafélögum“ upp kollinum. Söfnum og sýningum tileinkuðum konum fjölgaði, einkum á sviði lista, auk þess sem að konur tóku sæti í stjórnnum hagsmunafélaga safna. Þótt konum væri boðin innganga í „karlklúbbinn“ þá urðu þær aldrei fullgildir meðlimir að mati Ruth Adams.<sup>102</sup> Á mörgum söfnum stóðu konur í starfslíði þess í skugganum á meðan að karlar voru í kastljósi miðjunnar. Hefðu þær með höndum valdastöður líkt og Esteve-Coll sem stýrði Victoria & Albert safninu (*V&A*) frá 1987 til 1995, var samt sem áður gert ráð fyrir að þær væru síður virkar í stjórnun safnsins; að þær stæðu á jaðrinum fremur en að hafa sig í

---

<sup>100</sup> Sjá Tong 1989 og Schwarzer 2010.

<sup>101</sup> Sjá Tong 1989 og Schwarzer 2010.

<sup>102</sup> Adams 2010.

frammi. Þótt gera megi ráð fyrir að sú andstaða sem störf Esteve-Coll mættu hafi byggt á kynjun, þá verður að hafa í huga að mögulega gæti Thatcherismi og frjálshyggjuvæðing safnastarfs átt einhvern þátt í þeirri andstöðu sem aðgerðir og stjórnunarhætti hennar mættu. Ris breska íhaldsflokksins seint á áttunda áratugnum, þegar að Margaret Thatcher settist í stól forsætisráðherra, bar með sér auknar áherslur frjálshyggjunnar á fjármagn og viðskipti. Sú hugmyndafræði sem gjarnan er tengd við nýfrjálshyggju og Thatcher einkenndist meðal annars af því að leysa upp það kerfi sem byggði á stéttastjórnámálum. Í stað þess skyldi staðið vörð um málefni.<sup>103</sup> Í stjórnnum safna tók fólk úr viðskiptalífínu við af aðalsmönnum og fólki úr sambærilegu umhverfi. Áherslur sem kenndar voru við Thatcher og nýfrjálshyggju leystu af hólmi hugmyndir sem áður höfðu einkennt starf safna. Hugmyndir sem byggðu á hefðum og skuldbindingum gagnvart samfélaginu og fólu einnig í sér nokkra andúð á viðskiptum.<sup>104</sup> Hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar og Thatcherismans fól í sér afbyggingu á því valdakerfi sem verið hafði á söfnum og kennivaldi þeirra sem voru í efri lögum stigveldisins. Hin nýja hugmyndafræði krafðist sveigjanleika sem olli því að sjálfsmynd þeirra sem störfuðu innan hennar tengdist hvorki stað né stöðu.<sup>105</sup> Auknar áherslur frjálshyggjunnar á fjármagn og viðskipti þýddi að að menningargeirinn, þá sérstaklega söfn, fengju mun minna fjármagn frá hinu opinbera en verið hafði.<sup>106</sup> Söfnum var gert að starfa á sama hátt og fyrirtæki. Innkoma þeirra og tekjuöflun skyldi standa undir rekstrinum. Slíkt hafði bæði samfélagslegar afleiðingar og einnig áhrif á innra starf safna. Safngestum var meðal annars gert að greiða aðgangseyri og hinar nýju stjórnir sáu til þess að hugmyndafræði frjálshyggjunnar væri framfylgt m.a. með hagræðingu í rekstri safna. Eitt megin verkefni Esteve-Coll var að brjóta upp það valdakerfi sem átti sér djúpar rætur í menningu V&A safnsins. En samskonar valdakerfi var að finna á flestum söfnum. Rannsóknarhlutverk sýningarstjóra var afnumið og það fært til sérstakrar deildar innan safnsins. Á söfnum hafa slíkar breytingar á valdakerfi safnsins haft í för með sér breytta valdastöðu. Störfum sem voru ofarlega í stigveldi safna, s.s. rannsóknir, var í miklum meirihluta tilfella sinnt af körlum. Rannsóknir gáfu tækifæri til birtinga í viðurkenndum tímaritum og þar með valdastöðu í hinu akademíska samfélagi.<sup>107</sup>

---

<sup>103</sup> Walsh 1992: 61.

<sup>104</sup> Adams 2010.

<sup>105</sup> Walsh 1992.

<sup>106</sup> Adams 2010: 30.

<sup>107</sup> Adams 2010.

Hugmyndafræði frjálshyggjunnar átti því þátt í að brjóta, að einhverju leyti, upp hið karllæga valdakerfi safna. Sú kynjun sem verið hafði í stigveldi safna átti þó eftir að finna sér annan farveg. Hilde Hein<sup>108</sup> bendir á í þessu sambandi að líta beri á gagnrýnum augum á stigveldi safna. Lífsafkoma þeirra sé oftár en ekki háð karllægu stigveldi og starfsseminni gert að standast mælingar sem byggja á karllægum gildum frjálshyggjunnar. Þar eru rök talin ofar tilfinningum og mælingar á árangri safnastarfs byggja á fjölda gesta, tekjum safna, upphæðum styrkja o.s.frv. Gera þurfi grundvallarbreytingar á skipulagi safna, og ekki nægi að fjölga konum í áhrifastöðum innan þeirra.

---

<sup>108</sup> Hilde Hein 2010.

## Staða kvenna innan safna

Tuttugasta og fyrsta öldin hefur borið með sér mjög aukinn fjölda kvenna til starfa á söfnum, þó vantar töluvert upp á að einhverskonar kynjajafnvægi sé náð hvað varðar innri uppbyggingu og starfsmannamál safna. Árið 2001 voru kynjahlutföll starfsmanna breskra safna svo til jöfn en aðeins á bilinu tíu til tuttugu prósent stjórnenda voru konur. Á þjóðarsöfnunum fjórtán í Bretlandi voru tveir kvenkyns safnstjórar. Árið 2007 stýrðu konur þremur af þeim tuttuguogsjö stofnunum, söfnum, bókasöfnum og skjalasöfnum, sem eiga aðild að þjóðarráðstefnu safnstjóra (e. *National Museum Directors' Conference*). Einungis ein þeirra þriggja kvenna var safnstjóri.<sup>109</sup> Kvenkyns safnstjórum fækkaði því á milli árunna 2001 og 2007.

Konur eru í meirihluta þeirra sem hafa aflað sér menntunar á sviði safnafræði. Þrátt fyrir það standa þær í neðstu þrepunum þegar kemur að stöðum innan safnageirans. Í rannsókn sem Marjorie Schwarzer<sup>110</sup> gerði á kjörum og vinnuumhverfi safnafólks í Bandaríkjunum kemur meðal annars fram að karlar eru í meirihluta þegar kemur að stjórnunarstöðum og stöðum í efri hluta stigveldis safna. Konur eru fjölmennastar í lægst launuðu stöðum safna. Þær stöður krefjast þó hás menntunarstigs. Þegar að litið er til launa eingöngu forðast karlar lægri stöður innan safna vegna þeirra kjara sem eru í boði fyrir þau störf. Meiri líkur eru á að karlar fari beint í betur launaðar stöður ofar í stigveldi safna, án þess að byrja í neðri þrepum þess og vinna sig upp í starfi.<sup>111</sup> Ennfremur leiddi rannsóknin í ljós að fullur vilji var meðal starfsfólks safna til að gera breytingar á launa- og ráðningarkerfi þeirra með aukinn jöfnuð í huga. Allar tillögur í þá átt mættu þó daufum eyrum stjórna safna. Sér í lagi þeirra stofnana sem höfðu úr miklum fjármunum að spila. Slíkar stjórnir vildu fremur ráða karla í stjórnendastöður safna.<sup>112</sup> Það eitt og sér viðheldur viðvarandi ástandi og verðleikar starfsfólks virðast enn miðast við

---

<sup>109</sup> Adams 2010: 40.

<sup>110</sup> Schwarzer 2010.

<sup>111</sup> Schwarzer 2010: 24.

<sup>112</sup> Sjá m.a. Schwarzer 2010 og Adams 2010.

karllæga mælikvarða. „Þrátt fyrir nærveru kvenna, þá ráða karlar yfir söfnum á tveimur mikilvægum sviðum: peningum og völdum”.<sup>113</sup>

---

<sup>113</sup> Marjorie Schwarzer 2010: 17. Despite women's presence, men dominate museums in two critical areas: power and money. Eigin þýðing.

## Kona á safni

Fjölgun kvenna í starfsliði safna hefur lítil áhrif þegar kemur að kynjun í starfi þeirra. Hinsvegar eru vísbendingar um að það hverjir sitji við stjórnvölinn á söfnum hafi töluverða þýðingu. Sé kynjahalli í efsta lagi þeirra, í því lagi þar sem að stjórnun þeirra fer fram, þá gæti þeirra áhrifa í því starfi sem unnið er á safninu. Allt frá söfnun, skrásetningu, rannsóknum og að þeirri framsetningu sem kemur almenningi fyrir sjónir með miðlun þess. Þrátt fyrir aukinn fjölda kvenna í starfsliði safna á undanförunum áratugum, þá mótast innviðir þeirra ennþá af karllægum gildum.<sup>114</sup> Á sú þróun við bæði erlendis og hér innanlands. Benda má á tvö dæmi úr íslenskum samtíma sem styðja vísbendingar um áhrif kynjaðra stórnunarháttanna á framsetningu safna. Fyrri dæmið varðar fimm binda bókverk; „Íslensk listasaga”, sem Listasafn Íslands og Forlagið gáfu út árið 2011. Í verkinu er fjallað um íslenska listasögu frá síðari hluta nítjándu aldar til upphafs þeirrar tuttugustuogfyrstu. Verkið fellur undir útgáfu safnsins og þar með fellur það einnig undir framsetningu þess og miðlun á íslenskri myndlist. Við útgáfu hlaut verkið töluverða gagnrýni vegna þess kynjahalla sem þar er að finna. Mörgum körlum eru gerð skil en aðeins fáum konum. Þá fái konur mun minna pláss í þeirri umfjöllun sem er að finna í verkinu, munar þar stundum meira en helmingi í fjölda blaðsíðna.<sup>115</sup> Safnstjóri Listasafns Íslands er karlkyns sem og ritstjóri verksins. Seinna dæmið vísar til sýningar Þjóðminjasafns Íslands, „Þjóð verður til”. Á sýningunni er dregin upp mynd af menningarsögu íslendinga, með það fyrir augum að hún liggi til grundvallar þróun einstaklinga í samfélaginu. Þar er einnig að finna tilhneigingu til að draga fram hið nytsamlega. Gripi sem tengjast handverki og heimili og gefa til kynna notagildi og kvenlega eiginleika. Þessir gripir fá, í framsetningunni, meira vægi en þeir gripir sem einskorðast við hið listræna og fagurfræði sem tengist hinu karllæga. Í texta sýningarinnar er hvergi fjallað sérstaklega um „hlutverk kvenna”. Sú framstillingartækni sem notuð er við framsetningu „Þjóð verður til” gerir slíka umfjöllun óþarfa. Frásögnin skapar svið þar sem að gripum sem

---

<sup>114</sup> Sjá m.a. Hein 2010 og Deepwell 2006.

<sup>115</sup> Fríða Björk Ingvarsdóttir (2011, 7. nóvember 2011). Konur lítt sýnilegar í listasögunni. *RÚV*. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/konur-litt-synilegar-i-listasogunni>.



tengjast konum er gefið aukið gildi. Bæði með staðsetningu þeirra innan samhengis sýningarinnar en einnig því hvernig þeim er stillt fram. Í frásögninni fær hið kvenlega því aukið vægi til móts við hið karllæga.<sup>116</sup> Á Þjóðminjasafninu situr kona við stjórnvölinn.

Þegar staða hins kvenlega gagnvart söfnum er skoðuð er nauðsynlegt að horfa til hugmyndafræði og menningar. En þeir þættir virðast draga úr valdi hins kvenlega í þeim samfélagslegu stofnunum sem söfn eru. Sherry B. Ortner<sup>117</sup> bendir til að mynda á að konur eru valdaminni en karlar. Það, segir hún að eigi við um flest samfélög. Hlutverk kvenna, umhverfi þeirra og verk virðast njóta minni virðingar en samsvarandi þættir í lífi karla. Félagsleg gildi og norm varna konum þátttöku á þeim sviðum samfélagsins þar sem vald er haft með höndum og tákni og orðræða sem staðsetji konur neðar en karla í virðingastiga samfélagsins, til hliðar og úr auglýsni. Það er þó ekki alltaf ljóst. Konur virðast oft njóta virðingar og stöðu, en þegar betur er að gáð eru réttindi þeirra og staða aldrei fyllilega jafnfætist körlum.<sup>118</sup> Safngripir öðlast áreiðanleika og vægi í framsetningu safna en stór hluti þess sem söfn setja fram sem þekkingu er í raun byggt á getgátum. Starfsfólk safna skarar, oft á tíðum, eld að sínum eigin hugðarefnum undir því yfirskini að verið sé að taka mið af þörfum almennings.<sup>119</sup> Þegar að getgátur eru settar í samhengi við efnislega gripi og kennivald safna þá virðist sú frásögn sem birtist í framsetningum byggja á áreiðanleika og vissu. Séu aðferðir sálgreiningar notaðar má líta á þann áreiðanleika sem safnið býr til, sem frávarp. Ennfremur sem innrætingu umhverfisins á þeim þáttum sjálfsins sem hefur verið hafnað, annað hvort vegna þess að þeir eru ómeðvitaðir, óþekktir eða bældir. Frá sjónarhorni sálgreiningar er safn spegill og á speglun þess þátt í mótun sjálfsmyndar einstaklinga samfélagsins. Sú spegilmynd sem einstaklingurinn eða samfélagshópurinn sér sjálfan sig í á safni mótar sjálfsmynd hans og stöðu í samfélaginu. Kynjuð framsetning safna er því hlaðin merkingu sem einstaklingar og samfélagshópar meðtaka og endurvarpa á ný.<sup>120</sup>

---

<sup>116</sup> Elizabeth Ida Ward 2009: 10.

<sup>117</sup> Ortner 1972.

<sup>118</sup> Sjá m.a. Ortner 1972, Tong 1989, Porter 1986 og Knibb 1994.

<sup>119</sup> Barbara Clark Smith 2010.

<sup>120</sup> Porter 1996.

## Kona í frásögn safns

Allt umhverfi safna hefur áhrif á framsetningu þeirra. Í arkitektúr safna birtist feðraveldið. Gríðarlegt umfang og mikilfengleiki einkenni byggingarlist flestra safna, sér í lagi þjóðarsafna. Efnismiklir útveggir og stórbrotnir sýningarsalir bera vott um þau karllægu yfirráð sem búa að baki byggingunum. Feðraveldið birtist ekki síður innan veggja safns en í ytri gerð þess. Stigveldið sem mótar innri formgerðina byggir á karllægum gildum. Voldugar byggingar og fastmótað stigveldi á þátt í að skapa ímynd sem gefur til kynna stöðugleika og áreiðanleika. Öll umgjörð, formgerð og ímynd safns myndar fyrirmyndar skipan (e. *ideal order*) sem vísar til samfellu menningar og þróunar í aldanna rás. Sveigjur af þeirri leið eru yfirstíganlegir hnókrar.<sup>121</sup> Hið karllæga safn virðist ekki hafa svarað þeirri gagnrýni sem sett hefur verið fram á framsetningu kvenna í karllægu umhverfi safna.

Lausleg yfirferð yfir nær hvaða menningarminja safn sem er í Ástralíu eða Bretlandi, hvort sem það er hluti stórrar og vel fjármagnaðrar stofnunar í borgarskipulaginu, eða minna sjálfstætt svæðisbundið menningarminjasafn, gerir þegar ljóst að að minnsta kosti tíu árum eftir að femínísk gagnrýni á sýningar safna hefur (í meira eða minna mæli) verið viðurkennd á hinu vitræna sviði, þá er hin raunverulega framsetning þeirrar efnismenningar sem snýr að kvennasögu enn að stórum hluta ósnert af femínískum aðferðum. Til að setja það fram með berum orðum, þá er framsetning á mannkyninu á söfnum oft á tíðum enn í grundvallaratriðum kynjuð. Þrátt fyrir loforð og staðhæfingar um kynjajafnrétti í opinberum stefnum safna á Englandi og í Ástralíu, þá er það oft staðreynd að menningarminjasöfnum er enn stýrt með karlmiðuðum lýsingum á áströlskum stríðshetjum, þeim sem reistu stórveldi, óbyggðaútlögum, riddurum, nýlendukönnuði, og hinum óhjákvæmilegu „sögum” af landvinningaiðnaði og ýmsum einstaklingsbundnum hetjuskap.<sup>122</sup>

---

<sup>121</sup> Hein 2010: 55.

<sup>122</sup> Leigh Summers: 4. A cursory stroll through almost any social history museum in Australia or Britain, whether it is part of a large and well funded city institution, or whether it is a smaller self-

Öll umgjörð safns, bæði sú ytri sem og innri formgerð þess gefur til kynna að innan veggja þess sé að finna framsetningu á fortíðinni eins og hún „raunverulega” var. Sannleiksvald safns byggir á kennivaldi þess og gefur lítið sem ekkert svigrúm til túlkana. Í framsetningunni er sagan kynnt á nýjan leik en sjónarhornið er að mestu óbreytt þrátt fyrir þá gagnrýni sem það hefur fengið. Söfnun, framsetning og miðlun verður því nær ósýnileg í tengslum við „hið ósvikna” og „sannleikann”.<sup>123</sup> Slíkt gefur vísbendingar um að starfsemi safna snúist um viðhald fremur en þróun. Þótt fjöldi safna hafí, þó aðeins hin síðustu ár, leitast við að opna safnið fyrir framsetningu minnihlutahópa, þá eru þau enn, meðvitað eða ómeðvitað, bundin á klafa þeirra þekkingarfræðilegu og hugmyndafræðilegu kennisettinga sem eiga rætur langt aftur í miðaldir.<sup>124</sup> Hein bendir til að mynda á að tvíhyggja efnis og viðfangs, sem gjarnan er megin sérkenni safna, viðhaldi ójafnvægi á milli geranda og þess er situr hjá.<sup>125</sup> Margt af því sem sett er fram á söfnum er byggt á getgátum. Sá áreiðanleiki sem gripir fá í framsetningu er í beinu sambandi við áreiðanleika safna. Það að gripur sé í framsetningu safns gefur honum umsvifalaust vægi og sannleiksgildi. Samhengi hans í framsetningu virðist því ekki byggt á getgátum heldur staðreyndum sem studdar eru af kennivaldi safns. Framsetningin virðist því byggja á einhverju sem „raunverulega” var.

Kennivald safna á sviði þekkingar og framsetningar á þekkingu hefur hins vegar á síðustu áratugum, verið að veikjast. Það er einungis nú á síðari árum sem almenningiur hefur fengið tækifæri til að túlka og skilgreina gripir og framsetningu safna. Gripir geta ekki „talað“ fyrir sjálfa sig, Rödd þeirra og frásögn hefur til langs tíma verið mótuð af túlkun safna. Tækjum þekkingar og framsetningar hefur verið beitt til þess að leggja merkingu í gripir. Með minnkandi áhrifum kennivalds safna hefur safngestum gefist tækifæri til túlkunar. Sú túlkun er þó háð hefðbundnum skilgreiningum þar sem að lítið er á gripir safna sem óvirka og

---

contained regional social history museum, quickly makes clear that at least ten years after feminist critiques of museum exhibitions have been (to a greater or lesser extent) accepted intellectually, the actual display of material culture which relates to women's history remains largely untouched by feminist practice. To put it bluntly, the representation of human kind in museums often remains gendered to the ground. Despite promises and claims of gender equality in official museum policies in England and Australia, it is often the case that social history museums remain dominated by androcentric depictions of Anzac heroes, empire builders, bushrangers, knights, colonial explorers and the inevitable 'stories' of their conquering industries and assorted individual braveries. Eigin þýðing.

<sup>123</sup> Sjá t.d. Porter 1996.

<sup>124</sup> Hein 2010.

<sup>125</sup> Hein 2010 og Porter 1996.

hlutlaus. Vald túlkunar sé ekki gagnkvæmt ferli heldur einhliða aðgerð. Gripurinn er álitinn hlutlaus og háður skilgreiningu safngesta, Sjónarhorn femínisma lítur á hugsun sem félagslegt og líkamlegt ferli og mildar þannig þá tvíhyggju sem felst í sambandi þess sem túlkar og þess sem er túlkað; gests og grips.<sup>126</sup> Ára kynjajafnréttis<sup>127</sup> vaki yfir söfnum sem og öðrum stofnunum samfélagsins.

Með áru kynjajafnréttis er átt við þá samfélagslega viðurkenndu mynd að jafnrétti sé náð þrátt fyrir að víða megi finna birtingarmyndir hins gagnstæða.

Ára kynjajafnréttis lýsir félagslegu ferli eða fyrirbæri þar sem karlar og konur sannfæra sjálf sig um að jafnrétti ríki þrátt fyrir að raunin sé önnur. Ára kynjajafnréttis er hugtak sem inniber margvíslegar birtingamyndir misræmis á milli þess sem er, eða gjörða, og þess sem er félagslega viðurkennt eða ákjósanlegt. Ára kynjajafnréttis snýst því um hvernig konur og karlar vilja trúna því að jafnrétti sé í raun þrátt fyrir að raunin sé önnur.<sup>128</sup>

Styðjandi kvenleiki (e. *emphasized femininity*) og ráðandi karlmennska (e. *hegemonic masculinity*) er náskyld hugtök sem kennd eru við karlafræðinginn Connell.<sup>129</sup> Hugtökin byggja á hugmyndum um að í samfélaginu sé að finna nokkrar gerðir karlmennsku. Þeim sé, ásamt hinu kvenlega, skipað í stigveldi þar sem að ráðandi karlmennska er efst. Aðrar tegundir karlmennsku, sem ekki eru ráðandi, og allar tegundir hins kvenlega eru undirskipaðar í þessu stigveldi. Styðjandi kvenleiki á stóran þátt í að viðhalda stöðu ráðandi karlmennsku efst í stigveldinu. Sá þáttur byggir á gagnkvæmu sambandi styðjandi kvenleika og ráðandi karlmennsku þar sem að hið fyrr nefnda styður við og nærir hið síðar nefnda.<sup>130</sup> Samband styðjandi kvenleika og ráðandi karlmennsku grundvallast á hlýðni kvenna.

[...] konur hlýða og hlýðninni er viðhaldið í fjölmiðlum og ýmiskonar markaðsstarfi langt umfang það sem þekkist varðandi ráðandi karlmennsku. Hlýðnin mótar persónuleg tengsl karla og kvenna.<sup>131</sup>

---

<sup>126</sup> Hein 2010.

<sup>127</sup> Gyða Margrét Pétursdóttir 2009.

<sup>128</sup> Gyða Margrét Pétursdóttir 2012: 6.

<sup>129</sup> Connell 1987.

<sup>130</sup> Sjá Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012.

<sup>131</sup> Gyða Margrét Pétursdóttir 2012: 7.

Hlýðni kvenna er viðhaldið í framsetningu og miðlun hins kvenlega. Á það ekki síður við um söfn en aðrar stofnanir samfélagsins þar sem að miðlun á sér stað.<sup>132</sup> Gripir safna og framsetning eru því, með hlýðni, túlkuð á grundvelli styðjandi kvenleika og þess hvaða kvenleiki er ásættanlegur.

Gaby Porter<sup>133</sup> bendir á að framsetning safna er ekki hlutlaus þegar kemur að hinu karllæga og kvenlega. Rannsóknir hennar benda til þess að þvert á móti gefi sú frásögn sem birtist í framsetningu hins kvenlega bæði verið hamlandi og þröng. Við rannsóknina notaði Porter ekki hefðbundin femínísk fræði. Til að varpa ljósi á stöðu kvenna í framsetningu safna beitti hún strúktúralískum og póststrúktúralískum kenningum Ferdinand de Saussure og Jaques Derrida. Tilgangur þess var að varpa ljósi á efnið með því að skoða samband texta, höfundar og lesanda. Porter færir þetta samband yfir á sýningargerð safna, sýningarstjóra og safngesti. Samhengi og merking tákna er ekki eðlislæg heldur í samhengi þar sem að safnið er efst í stigveldinu. Hvert tákn safna dragi merkingu sína af þeim mismuni sem sé á því og öllum öðrum táknum keðjunnar. Póststrúktúralískir gagnrýnendur hafa tekið hugmyndir Saussure um mikilvægi samhengisins við merkingarsköpun lengra og haldið því fram að merking taki sífelldum breytingum.<sup>134</sup> Fyrirætlanir höfundarins, viðringarröð texta og lesanda sitja þar með hjá garði. Textinn sé sjálfstæður og átök milli lesanda og höfundar getur flett ofan af undirliggjandi forsendum verks og leyst þannig úr læðingi nýja merkingu og nýja túlkun á textanum. Derrida taldi alla merkingu skapaða í tvíhliða ferli; mismunun og frestun, sem hvort um sig er háð tíma og rúmi. Þar sem að svo virðist sem að merking sé föst, greypt í grjótt, þá eru áhrif túlkunar í raun aðeins tímabundin og háð upprifjun. Merking er því aldrei að fullu til staðar heldur er hún sköpuð í gegn um hið mögulega og endalaus ferli sem felur í sér tilvísanir til merkja sem ekki eru til staðar – til „hins“ – í gegnum samspil veru og fjarveru. Og sé svo má einnig afbyggja hana og finna þannig merkingar í texta, í tengslum við aðra texta. Við skoðun á sambandi milli birtingamynda hins karllæga og kvenlega á söfnum beitir Porter<sup>135</sup> sjálfri sér í stöðu konu sem lesanda til þess að snúa andstöðum við og les hinar kvenlegu og karllægu birtingamyndir í formi regluveldis. Ennfremur leitar hún, í andstæðu textans, að þeim kynlægu merkjum sem í honum felast; það sem er álitid viðtekin

---

<sup>132</sup> Sjá Hein 2010, Summers 2000 og Porter 1996.

<sup>133</sup> Porter 1996.

<sup>134</sup> Sjá m.a. Hall 1997 og Porter 1996.

<sup>135</sup> Porter 1996.

staðreynd og það sem er undanskilið. Þetta sjónarhorn leiðir í ljós að texti safna er ekki hlutlaus þegar kemur að kynjun heldur er hann hamlandi og þröngur. Wera Grahn<sup>136</sup> hefur einnig skoðað hvað af því efni sem söfn búa yfir verður hluti frásagnar þeirra og hverju er haldið utan við hana. Ekki er einungis notast við sjónarhorn kynjafræði heldur einnig sjónarhorn fjölmenningar, stétta og kynhneigðar. Grahn notar hugmyndir um „hið sama” og „hitt af hinu sama” og er nálgun hennar byggð á femínísku flökkusjónarhorni sem býður upp á fjölþætta nálgun sem getur falið í sér mismunandi kenningarlegar nálganir. Sem dæmi nefnir hún að með því að horfa á viðfangsefið út frá mörgum sjónarhornum megi ná fram því sem hún kallar þrívíðum skilningi á merkingu hluta. Áherslan er á sjónarhorn. Megin máli skiptir hvaðan, frá hvaða stað, hugmyndir og hlutir eru skoðaðir.<sup>137</sup> Í rannsókn sinni dregur Grahn fram net mannlegra og ómannlegra þátta sem allir hafa áhrif á safngripi. Þau áhrif eru margvísleg og koma fram á mismunandi tíma en verða smám saman að því sem litið er á sem staðreyndir innan safns. Grahn<sup>138</sup> bendir á að mikilvægt sé að þekking sé staðsett á skýran hátt. Að sú saga sem sett er fram sé mótuð af ábyrgð og bundin sjónarhorni sem áhorfandinn geti aðgreint frá öðrum sjónarhornum. Tilgangurinn með slíkum frásögnum er að opna fyrir samræður um merkingu sem gefur möguleika á dýpri skilningi. Mikilvægt er að söfn hagi framsetningum á þann hátt að skýrt sé frá hvaða sjónarhorni sagan er sögð. Með því verði til umræður um það sem sett er fram í stað þess að framsetning safna sé meðtekin á óvirkan hátt. „Það er þetta – en ekki óhagganlegur „sannleikur” um fortíðina – sem við getum þekkingarfræðilega séð, í besta falli, vonast til að ná með sýningum safna.”<sup>139</sup>

Ein af þeim aðferðum sem Porter<sup>140</sup> notar við greiningu á framsetningu hins kvenlega á söfnum er sjónarhorn sálgreinisins Jaques Lacan. Það sjónarhorn byggir á hugmyndum um að karlmennska og kvenleiki séu spunnar og tilbúnar sjálfsmýndir sem eru afurð félagslegs og táknræns munar frekar en að líffræðilegur munur gegni þar stóru hlutverki. Merking geti aðeins orðið til á ákveðnum stöðum og í tengslum við muni frá öðrum stöðum. Einstaklingurinn sé knúinn áfram af ófullnægðri þrá eftir stjórnun, fullnægju og fullkornun

---

<sup>136</sup> Grahn 2006.

<sup>137</sup> Grahn 2006 og Haraway 1988.

<sup>138</sup> Grahn 2006.

<sup>139</sup> Wera Grahn, 2006: 418. Det är detta – och inte stabila “sanningar” om förr – som vi epistemologiskt sett i bästa fall kan hoppas uppnå med museiutställningar. Eigin þýðing.

<sup>140</sup> Porter 1996.

sem aldrei er hægt að ná. Á því ferðalagi hafi hann því aldrei fullkomna stjórn á sjálfsmynd sinni, heldur framleiði hann flókið net átaka og samsetninga á sér og reynsluheimi sínum. Sé þessi greining notuð á söfnum er hægt að líta á konur og hið kvenlega sem ytri mörk jaðarsins. Á söfnum, er þekkingu og söfnun skipt í greinar og stigveldi flokkunar; gripir eru aðskildir frá samhengi sínu, einangraðir frá öðrum og hlutaðir niður áður en að þeim er endurraðað í nýju samhengi og í nýja flokka.<sup>141</sup> Framsetning kvenna og hins kvenlega er mismunandi eftir því hvort aðgerðir eða hættir, þeir sem settir eru fram, tengjast hinu kvenlega eða hinu karllæga og hallar þá frekar á hlut kvenna þar sem að þeim er ýtt út í jaðarinn þar sem að þær mynda þann bakgrunn, eða ramma sem skilgreinir rýmið og þekkinguna. Karlar eru þar með gerendur í kastljósi miðjunnar á meðan að konur eru staðsettar í skuggum jaðarsins. Framsetning þeirra passar ekki í samhengið. Konur eru undirskipaðar<sup>142</sup> í framsetningum en á sama tíma myndar framsetning karla þá samfelli menningar og þróunar<sup>143</sup> sem framsetning safna byggir á.<sup>144</sup>

Dæmi um undirskipun hins kvenlega í framsetningu er að finna á „The New Canadian War Museum” í Kanada. Þrátt fyrir að meira en helmingur íbúa Kanada séu konur þá hefur stríðsrekstur verið settur fram sem, fyrst og fremst, karllæg aðgerð. The New Canadian War Museum er, líkt og önnur söfn, þróað innan ákveðins félagslegs kerfis þar sem að áhersla er lögð á að heiðra herþjónustu og fórn, vegsama löngu liðin afrek og, ekki síst, að hvetja til þess að ungt fólk skrái sig í herinn. Þessi orðræða hefur orðið til þess að settar hafa verið upp sýningar sem eru karllægar og varpa ljósi á karla og “afrek” þeirra.<sup>145</sup> Stríð er álitin karllæg athöfn sem á sér stað í karllægu umhverfi, en þannig hefur sagan verið sögð á hinu kanadíska stríðsminjasafni allt undir lok tuttugustu aldarinnar. Í verkum sem fjölluðu um stríð voru dregnar upp myndir af konum í hinum hefðbundnu hlutverkum; þær veittu umönnun og stuðning, en voru áhorfendur og á jaðri atburðarrásarinnar eða kynferðislega hlutgerðar. Þessi verk hafa hvorki verið afbyggð eða greind á nokkurn hátt, en hafa án efa, lagt sitt af mörkum til þess að styrkja þá sýn sem ráðandi er á konur á stríðstímum. Hið raunverulega svið kvenna, á tímum róstars, og sjónarhorn þeirra á þá atburðarrás er lítið sem ekkert skoðuð eða sett fram

---

<sup>141</sup> Porter 1996.

<sup>142</sup> Gyða Margrét Pétursdóttir 2012.

<sup>143</sup> Hein 2010: 62.

<sup>144</sup> Deepwell 2006 og Porter 1996.

<sup>145</sup> Laura Brandon 2010: 105.

á safninu, heldur er leitast við að bregða birtu á kvenleg störf og athafnir sem eru jafngildi hinna karllægu stríðsathafna eða starfa;<sup>146</sup> bakgrunn sem hæfir framsetningunni í kastljósi miðjunnar. Dæmin eru fjölmörg og varða listasöfn, menningarminjasöfn og náttúruminjasöfn. Þrátt fyrir að í náttúrunni sé hlutfall kynjanna svo til jafnt, þá sýna rannsóknir Machin<sup>147</sup> að af sýndum gripum á bresku náttúruminjasafni voru karlkyns dýr í miklum meirihluta. Einn hluti hins karllæga kerfis safna er það hve háð söfn eru karlkyns gefendum, í þessu tilfelli veiðimönnum sem gefa bráð sína.<sup>148</sup> Og ekki aðeins bráðina heldur einnig karlmennsku sína og stöðu efst í fæðukeðjunni.<sup>149</sup>

---

<sup>146</sup> Brandon 2010 og Tamar Katriel 2010.

<sup>147</sup> Rebecca Machin 2010.

<sup>148</sup> Olivia Robinson og Trish Barnard 2010, Machin 2010.

<sup>149</sup> Connell 1987.



## Sjónarhorn framsetningar



Diego Velazquez málaði verkið Las Meninas á Spáni um miðja sautjándu öldina. Svið verksins er herbergi í höll Filipusar IV spánarkonungs. Í verkinu má greina ellefu manneskjur en svo virðist sem að hreyfingar þeirra hafi verið frystar og að náðst hafi að fanga augnablik sem enn er varðveitt í verkinu. Höfundur verksins, málarinn Velazquez er yst á vinstri hlið verksins. Fyrir framan hann, og enn lengra til vinstri, sést í bakið á málarastriga sem nær næstum til lofts. Velzques horfir beint áfram, út úr myndinni. Handan tíma og rúms nær áhorfandi verksins augnaráði þessa

sautjándu aldar málara. Margarita, hin barnunga spánarprinsessa er til hægri við Velazquez, umkringd hirðfólki. Fyrir aftan hana stendur maður í dyragætt, líkt og hann sé rétt að líta við. Ljósíð sem sést í dyragættinni stöðvast þar og kemur ekki inn í herbergið. Birtan í verkinu virðist koma frá stað sem er í senn utan við og framan við það og fellur að mestu á ungu prinsessuna. Nær engin birta er aftast í herberginu. Það mótar fyrir dökkum flötum sem líklega eru málverk en í ramma á miðjum veggnum speglast ljós; spegill. Í speglinum sést móta fyrir konungshjónunum. Þau eru aðeins sjáanleg í spegilmyndinni og virðast standa þar sem að ljósið flæðir, utan og framan við myndflötinn. Málarinn Velazquez virðir fyrir sér það sem er handan sjónsviðs áhorfandans áður en pensill mætir striga.

Þótt greining Foucault<sup>150</sup> á málverki Velazquez “Las Meninas” sé, öðrum þræði, greining á stöðu mannsins, eða öllu heldur, því tómarúmi sem einkennir stöðu mannsins, á skilum klassískrar þekkingar og móðernismans, þá er hún, öðru fremur, greining á framsetningu. Því einmitt á þeim skilum birtist maðurinn, sem í ljósi stöðu kynjanna, er hin karllæga mannvera,

---

<sup>150</sup> Foucault 1970.

og með honum vísindin og það vald sem greinir “hina” frá skákbörði samsömunar, hið kvenlega frá hinu karllæga. Í málverki Velazquez er að finna kerfi þar sem að sjónarhorn innan verksins (sjónlínur einstaklinga sem á myndinni eru) og þess sem skoðar, áhorfandans, eru ólík. Staðsetning skapar sjónarhorn sem er hulið þeim sem framsetningin fjallar um. Í málverkinu er striginn það rými sem inniheldur framsetningu þess sem fellur inn í sjónsvið málarans, Velazquez sjálfs. Það rými er hulið áhorfendum verksins sem sér aðeins bak strigans. Mögulega er framsetningin konungshjónin. Mögulega áhorfendurnir að verkinu. Vegna þess sjónarhorns sem er á verkið er framsetningin hulin sjálfum áhorfendum þess. Vald framsetningarinnar er því í höndum málarans, þess sem beitir augnaráði sínu og handbragði til að skapa eftirmynd sem markast af því sem hann sér. Það sem áhorfandi verksins sér er málarinn, sá sem hefur vald yfir framsetningu þess viðfangsefnis sem hann beinir sjónum sínum að. Málarinn hvílir augnaráð sitt á viðfangsefninu sem hann sér einungis vegna þess ljóss sem gerir hann sýnilegan áhorfandanum. Framsetningin getur, í besta falli, samkvæmt greiningu Foucault<sup>151</sup> á „Las Meninas” orðið framsetning á spegilmynd. Upprunalegt og holdi klætt viðfang spegilmyndarinnar er hulið. Foucault leiðir einnig líkum að því að vegna mikilvægis sjónarhornsins sem sett er fram, hafi viðfang framsetningarinnar aldrei tækifæri eða getu til framsetningar á sjálfum sér. Framsetningin sem varpi ljósi á áhorfendur verksins sem viðfang og geri málaranum kleift að túlka framsetningu þess í því rými sem til er ætlast, geri okkur engu fremur sýnileg okkur sjálfum, heldur birtist okkur málarinn, sá er túlkar framsetninguna.<sup>152</sup> Hve mikilvægt er rými framsetningarinnar í heildarmyndinni? Það rými sem er hulið þeim er handhafi þess valds sem framsetningin felur í sér, en ljóst þeim sem stendur andspænis framsetningunni og varpar augnatilliti sínu til hennar? Slík sýn er hulin þeim sem hefur framsetninguna með höndum. En að sama skapi, líkt og sjónarhornið veitir okkur aðeins spegilmynd konungshjónanna, eða hluta þeirra, þá sjáum við einungis spegilmynd þess er sett er fram og bakgrunn, ekki þann sem stendur að baki hinum tignu hjónum í veruleikanum, heldur þann bakgrunn sem stendur að baki spegilmyndinni – þeirri sýn sem við, sem áhorfendur, höfum af þeim. Að sama skapi má leiða líkum að því að sá bakgrunnur sem safn á borð við listasafn eða menningarminjasafn skipti höfuðmáli þegar kemur að framsetningu, þ.e. frá sjónarhorni áhorfandans. Sem dæmi má nefna að fjalli sýning um konur þá varpar sú birta, sem gerir þær sýnilegar þeim sem

---

<sup>151</sup> Foucault 1970.

<sup>152</sup> Foucault 1970.

hefur vald framsetningarinnar með höndum, einungis, frá okkar sjónarhorni, ljósi á þann aðila. „[...] þegar að maður setur annan fram þá endar sá maður ævinlega á því að setja fram sjálfan sig. Þetta, tel ég, vera hin fullkomnu myndhvörf fyrir „safnið” sjálft.”<sup>153</sup> Safnið hverfist um sjálf sig og áhorfandinn grípur í besta falli, spegilmynd þeirra, sem umlukin er bakgrunni hins karllæga safns.

Af framasögðu má spyrja sig að því hver séu þá áhrif safns sem þess rýmis framsetningar sem er okkur sýnilegt á viðfangsefnið? Og í ofanálag, hvað verður um konur á sýningum innan safna?

---

<sup>153</sup> Fred Wilson, 1994: 160. [...] when one depicts another you invariably end up depicting yourself. This, I feel, is the perfect metaphor for ‘the museum’ itself. Eigin þýðing.

## Túlkun framsetningar

Miðjan, þangað sem sjónum áhorfenda er beint að, reiðir sig á jaðarhugmyndir og bakgrunninn til skilgreiningar á samhengi. Hvað sé miðja, og hvað sé jaðar, byggja á því hvaðan hlutirnir eru skoðaðir, þ.e. frá hvaða fyrirfram ákveðna sjónarhorni.<sup>154</sup> Sjónarhornið er háð vali sem þó er bundið og afmarkað og hylur það afl sem stýrir því.<sup>155</sup> Líkt og í verkinu „Las Meninas”, þá sýnir málverkið mismunandi sjónarhorn sem skapast af mismunandi staðsetningu einstaklinganna í verkinu og það vald sem felst í túlkun og framsetningu. Þeir sem valdið hafi á söfnum stýri því sjónarhorni sem framsetning gripanna er skoðuð frá.<sup>156</sup> Nú þegar túlkun framsetningar er á herðum safngestsins, en ekki sýningarstjóra eða safnkennara líkt og áður tíðkaðist, má gera ráð fyrir að hinn styðjandi kvenleiki túlki framsetninguna eftir sjónarhorni hinna karllægu afla sem stýri safninu, athugasemdalaust og í samræmi við þær hugmyndir sem til er ætlast svo viðhalda megi hinu karllæga kerfi.<sup>157</sup> Skoðaðar hafa verið ýmsar aðferðir og leiðir sem miða að því að rétta hlut kvenna í framsetningu safna. Hein<sup>158</sup> telur að endurheimt á þeim bakgrunni, sem hið kvenlega skapar á safni, geti verið skref í rétta átt. Það sé þó ekki einfalt þar sem að það feli í sér þekkingu á fyrri mörkum orðræðunnar. Ekki sé nægjanlegt að breyta túlkuninni með því að skipta, færa bakgrunninn að miðjunni og öfugt. Þau atriði sem talin eru háð túlkun, og því véfengjanleg, munu einungis færast úr stað þar sem að það kerfi sem beiti túlkuninni sé karllægt.

Í tengslum við sýninguna “Men and Women: A History of Costume and Gender, and Power” í National Museum of American History notaði Barbara Clark Smith<sup>159</sup> þrjár megin áherslur; á þá sem talað var við, á gripina sem túlkaðir voru og á þau viðfangsefni sem voru kennd. Í sýningarferlinu velti hún því fyrir sér hvort hugsun og ábyrgð væri að einhverju leiti takmörkuð með því að varpa ljósi á hið kynjaða sjónarhorn. Velti hún því fyrir sér hvort að

---

<sup>154</sup> Grahn 2006.

<sup>155</sup> Hein 2010.

<sup>156</sup> Sjá Bennett 1995, Walsh 1992, Hooper-Greenhill 1992 og Foucault 1970.

<sup>157</sup> Sjá Ortner 1972, Connell 1987, Hein 2010 og Gyðu Margréti Pétursdóttur 2012.

<sup>158</sup> Hein 2010.

<sup>159</sup> Clark Smith 2010.

skylda hennar væri ekki við allan almenning, ekki einungis konur? Ennfremur spurði hún sig að því hvort slík nálgun væri ekki aðeins hluti viðfangsefnisins og yrði þar af leiðandi takmarkandi frekar en að vera viðbót. Með því að einskorða áheyrendahópinn við konur úr mismunandi menningarheimum taldi hún hins vegar að dýpka mætti umfjöllunarefnið.

Connell<sup>160</sup> hefur bent á hugtökin ráðandi karlmennsku (*hegemonic masculinity*) og styðjandi kvenleika (*emphasized femininity*). Ráðandi karlmennska vísar til tegundar karlmennsku sem er á valdi fárra karla en er, engu að síður, sú fyrirmynd sem þykir eftirsóknarverð í heimi karla. Ráðandi karlmennsku eru tryggð yfirráð og þeim viðhaldið, með því að varpa þeim hugmyndum sem hún grundvallast á til annarra karla. Það er m.a. gert í gegn um stofnanir samfélagsins. Styðjandi kvenleiki sem grundvallaður er á hlýðni kvenna, styðji stöðu karla sem ráðandi og kvenna sem undirokaðra og er viðhaldið á ýmsum sviðum samfélagsins.<sup>161</sup>

Styðjandi kvenleika má greina í aðferðum og sjónarhorni þeirra sem vinna að framsetningu á söfnum. Konur hafa hlotið félagsmótun til að haga máli sínu á ákveðinn hátt svo það nái eyrum karla. Styðjandi kvenleiki heftir þó innsæi kvenna og truflar hugsanaferli þeirra.<sup>162</sup> Sem mótvægi telur Barbara Clark Smith að byggja megi mótun framsetninga á því að konur tali við konur. Það muni það leiða af sér annað sjónarhorn en hið hefðbundna. Spyrja má hvort, sú aðferð sem Clark Smith bendir á og felst í því að einskorða hóp áheyrenda við konur leiði til þess að þau málefni sem til umfjöllunar séu einangrist í „heimi kvenna”. Eða hvort aðferðin lúti lögmálum gáruáhrifanna og smiti út frá sér. Aukin þátttaka kvenna í safnastarfi, og sú gagnrýni sem söfn hafa fengið, uppspretta aðgerða sem hafa það að markmiði að skapa frjóan jarðveg fyrir nýjar hugmyndir.<sup>163</sup> Þær hugmyndir falla þó oftast um sjálfar sig, að mestu, vegna skilgreininga á árangri sem talið er nauðsynlegt að söfnin skili. Forsendur þessara skilgreininga byggja á mælanlegum einingum á borð við gestafjölda og innkomu og byggja á kapítalískum mælingum á árangri sem grundvallast feðraveldi.<sup>164</sup> Mælingum sem notaðar eru af þeim sem stjórna safninu á safnið. Því er nauðsynlegt að varpa fram þeirri

---

<sup>160</sup> Connell 1987.

<sup>161</sup> Connell 2005.

<sup>162</sup> Clark Smith 2010.

<sup>163</sup> Hein 2010.

<sup>164</sup> Sjá Hein 2010, Heidi Hartmann 1981 og Zillah Eisenstein 1979.

spurningu hvort um stjórnþæki sé að ræða, sem dæmir aðrar leiðir en þær sem samræmist mælitækinu, t.a.m. sjónarhorn femínismans, til að mistakast.<sup>165</sup>

---

<sup>165</sup> Hein 2010.

## Hreinsun

Við rannsóknir á fatnaði kvenna á söfnum, bæði í Bretlandi og Ástralíu hefur Leigh Summers<sup>166</sup> notað hugmyndir Elizabeth Grosz um líkamlegan femínisma (e. *corporeal feminism*). Þær hugmyndir eiga lítið skylt við eðlishyggju annað en þann líkamlega mun sem er á konum og körlum. Líkamlegur femínismi leggur áherslu á að líkamlegir eiginleikar kvenna, s.s. blæðingar og tíðahvörf, séu viðurkenndir og þeir hafðir í heiðri sem hluti kvenlegrar tilveru. Ásamt því að viðurkenna eiginleika kvenna sem gjarnan hafa verið litnir hornauga leitast líkamlegur femínismi við að skoða skilgreiningu og mótun hins kvenlega. Sérstaklega þá samfélagslegu og menningarlegu skilyrðingu sem í henni felst.<sup>167</sup>

Hluti þeirrar skilyrðingar er framsetning kvenna á söfnum. Á menningarminjasöfnum er klæðnaður gjarnan notaður til að varpa ljósi á hið kvenlega. Framsetning kvenlegs klæðnaðar á söfnum er bundinn staðalmyndum, en sá klæðnaður sem settur er fram ber vott um hreinar, fágaðar og fíngerðar konur. Konan er auðsveip og hefur sig lítið í frammi í framsetningunni. Sneitt er hjá því sem sveipað er bannhelgi, s.s. tíðablóði, öfugt við blóð, svita og aðra líkamsvessa karla. Þeir þykja bæta við og styrkja þá sögu sem sögð er á söfnum. Blóðugur og svitastorkinn herklæðnaður er settur fram til marks um karlmennsku og karllæga sigra. Kvenklæðnaður í samskonar ásigkomulagi er litinn hornauga og fundinn staður í geymslum safna. Líkamsvessar kvenna eru forboðnir í framsetningunni. Klæðnaður þeirra er, hinsvegar, hreinsaður og notaður til framsetningar á stöðluðum kvenímyndum eða framgangi tískunnar og framfara og tækninýjunga sem orðið hafa á þeim vettvangi.<sup>168</sup> Ásýnd hins kvenlega birtist þar með aðeins í þeim klæðnaði sem einkennir líkama þess kvenlega. Klæðnaði sem settur er fram og er á jaðri hinna karllægu yfirráða safnaorðræðunnar þar sem að konur eru gjarnan hlutgerðar í framsetningunni; sem sjálfhverf kyntákn, eldhúshjú, eða óvirkir áhorfendur. Summers<sup>169</sup> telur einkum tvennt stuðla að þessari framsetningu kvenna á söfnum. Fyrir það

---

<sup>166</sup> Summers 2000.

<sup>167</sup> Summers 2000.

<sup>168</sup> Summers 2000: 5 og Porter 1996.

<sup>169</sup> Summers 2000.

fyrsta sé áhersla safna einkum á gripum sem valdi því að ekki sé litið á hluti innan samhengis hvors við annan. Ennfremur eru gripir skráðir út frá karllægum gildum, eða að karllægir gripir eru skráðir en ekki sagan á bak við þá eða frásagnir sem fela í sér kvenlegar hliðar, t.a.m. stríðsrekstrar.<sup>170</sup> Sem dæmi safnar The New Canadian War Museum ekki gripum sem varpa ljósi á hlutverk kvenna innan heimilisins á stríðstímum, nema það beinlínis tengist stríðsathöfninni, né heldur hefur Museum of Civilization tilgreint hlutverk gripa, úr stríði, sem ætlaðir eru til heimilisnota. Annað sem stuðli að hlutgervingu kvenna í framsetningu sé að staðalmynd kvenna geri það að verkum að einungis þeim gripum sé safnað sem falli að þeirri ímynd.<sup>171</sup> Þannig séu skítugir kjólar frá Viktoríutímabilinu eða kjólar í yfirstærðum ósýnilegir enda ímynd hinnar viktoríönsku konu sú að hún hafi verið einkar nett og hrein. Þeir kjólar sem ekki passi við staðalmyndina séu sjaldnast rannsakaðir af starfsfólki safnanna, þrátt fyrir að þeir gætu gefið glögga mynd af hinni raunverulegu konu. Framsetning kvenna, eða skortur þar á, myndar því þann bakgrunn sem karlinn leikur gegn.<sup>172</sup> Samhengi framsetningar þeirra afmarkar og viðheldur þeirri karlmennskuímynd sem að söfnin viðhalda. Það kemur skýrt fram hvernig safnið gengur inn í og viðheldur samfélagslega mótuðum kynjahlutverkum; ráðandi karlmennsku og styðjandi kvenleika sem svo augljóslega eru bæði grundvöllur framsetningarinnar og framsetningin sjálf, þar sem að ákveðnar hugmyndir um karlmennsku eru miðjusettar og konur eru í hlutverki þeirra sem styðja við og viðhalda þeirri ímynd.<sup>173</sup> Birtingarmyndin er jafnframt það skýr að „hreinsun” safna á hinu kvenlega, með þeim helgisíðum sem til þess eru, er bókstafleg. Kjólar og korselett eru hreinsuð og lagfærð þar til hin raunverulega, líkamlega kona, hinn mengandi kvenleiki, er ekki lengur sjáanleg heldur aðeins sú ímynd sem fellur að staðalmyndinni og getur þannig, og aðeins þannig, gegnt hlutverki hins styðjandi kvenleika. Agnarsmá, falleg og hrein korselett eru höfð til sýnis sem tákn um konur þegar að raunin er sú að í geymslum safna er að finna lífstykki sem eru stór, bætt og blóðug.<sup>174</sup> Því almennt voru konur ekki mittisgrannar og korselettin ollu sársauka og blæðandi sárum þegar að stálteinarnir, sem móta áttu líkama þeirra, stungust út úr efninu og inn í holdið.

---

<sup>170</sup> Brandon 2010.

<sup>171</sup> Summers 2000.

<sup>172</sup> Porter 1996.

<sup>173</sup> Gyða Margrét Pétursdóttir 2012.

<sup>174</sup> Summers 2000: 10.



## Kvenleg náttúra – karllæg menning

Í áhrifamikilli grein sinni “Is Female to Male as Nature is to Culture” veltir Sherry Ortner<sup>175</sup> upp þeirri spurningu hvort skoða megi ójafna stöðu karla og kvenna í samfélaginu út frá sambandi náttúru og menningar. Að konan sé staðsett í samhengi sem tengi hana við náttúruna en samhengi það sem marki stöðu karlsins í samfélaginu tengi hann menningu. Á söfnum er konan sá bakgrunnur sem karlinn leikur gegn. Hún myndar jaðarinn þar sem að hið kvenlega er staðsett í skugganum á meðan að kastljós framsetningarinnar beinist að hinu karllæga.<sup>176</sup> Tilgangurinn með því að nota hugmyndir Ortner til að skoða stöðu kvenna á söfnum er að leitast við að varpa ljósi á framsetningu hins kvenlega í umhverfi hins karllæga.

Hvernig fara konur, og framlag kvenna til sögunnar, út í jaðar framsetningar safna? Ortner<sup>177</sup> bendir á að þegar að ójafnrétti það er byggt á undirokun kvenna sé skoðað verði að gerða það í samanburði við hið heildræna umhverfi mannfólksins. Hún leiðir að því líkum að samsömunin milli karla og kvenna, menningar og náttúru eigi sér stað í öllum menningarsamfélögum, en sú afstaða hefur verið gagnrýnd, m.a. af Nancy Shoemaker<sup>178</sup> sem bendir á að líklegast sé um vestrænt fyrirbæri að ræða. Hugmyndir Ortner<sup>179</sup> grundvallast þó á þeirri alhæfingu að ójafnrétti kynjanna ríki í öllum menningarsamfélögum og byggir á því að finna sameiginlegan tón. Þar sem að sjónarhornið í þessari ritgerð er á vestræna menningu og vestræn samfélög, þá verður hér ekki fengist við þá gagnrýni á annan hátt en að tiltaka að hún er til staðar og að fengist er við hugmyndir hennar með það í huga.

Ortner<sup>180</sup> bendir á að í því sem hún kallar, öllum menningarheimum skorti konur virðingu og vald. Þrátt fyrir margvíslegar birtingamyndir hins kvenlega þá sé samfélagsleg staða þeirra allsstaðar hin sama. Hún beitir ekki fyrir sig sértækum menningarlegum gögnum til að skoða

---

<sup>175</sup> Ortner 1972.

<sup>176</sup> Porter 1996.

<sup>177</sup> Ortner 1972.

<sup>178</sup> Nancy Shoemaker 1994.

<sup>179</sup> Ortner 1972.

<sup>180</sup> Ortner 1972.

hina almennu stöðu kvenna í ljósi ójafréttis, heldur greiningu á hinu menningarlega sem ákveðnu ferli til að varpa ljósi á hvað það er í menningunni sem geri lítið úr, og jaðargerí, hið kvenlega framlag til samfélagsins. Tilgáta Ortner<sup>181</sup> er að kynið kona sé tákni fyrir fyrirbæri sem, þá allir, menningarheimar staðsetji neðar en menningu. Hún sé samsömuð því sem hennar eigin menning og valdaformgerð skilgreini sem neðan við hana sjálfa. Hún er staðsett innan marka flokks sem er undirskipaður í samfélaginu.

Svo virðist nú vera sem að það sé aðeins einn hlutur sem myndi passa inn í þann flokk, og það er „náttúra” í hinni almennustu merkingu. Öll menning, eða, heildrænt, “menning”, fæst við það ferli að búa til og viðhalda kerfum merkingarbærrar byggingar (tákna, gripa, o.s.frv.) með aðferðum sem mannkynið hefur yfir gefnar forsendur náttúrulegrar tilveru, beygir að tilgangi sínum, og stjórnar með eigin hagsmuni í huga. Við getum þessvegna lagt menningu, í almennum skilningi, að jöfnu við hugmyndina um mannlega vitund (þ.e., kerfi hugsunar og tækni), sem mannkynið notar til að reyna að hefja sig yfir og ná yfirráðum, sama í hve litlu mæli, yfir náttúrunni.<sup>182</sup>

Áðurnefnd svið, náttúra og menning, eru bundin aðgreiningu sem byggi á hugmyndum samfélagsins um félagslegt taumhald og viðhald á hinni menningarlega skilgreindu samfélagsskipan. Derrida<sup>183</sup> bendir á að sá munur sem sé milli náttúru og menningar eigi sér samastað í innviðum ákveðins kerfis. Kerfis sem á endanum hvetji til afbyggingar á hugtökunum og sjálfs gagnrýni og afhjúpi þannig sjálft sig og þau gildi sem grundvalla uppbyggingu þeirra hugtaka sem við notum.

Uppbygging er jafn gömul þekkingarfræðinni en hefur misst máttinn með þeirri miðju, þeim upphafsreit, sem henni hefur verið ásköpuð í seinni tíð. Miðju sem m.a. gegnir því hlutverki að skipuleggja og raða saman þeim þáttum sem uppbyggingin grundvallast á. En

---

<sup>181</sup> Orner 1972: 10.

<sup>182</sup> Sherry B. Ortner 1972: 10. Now it seems that there is only one thing that would fit that category, and that is “nature” in the most generalized sense. Every culture, or, generically, “culture,” is engaged in the process of generating and sustaining systems of meaningful forms (symbols, artifacts, etc.) by means of which humanity transcends the givens of natural existence, bend them to its purposes, controls them in its interest. We may thus equate culture broadly with the notion of human consciousness, or with the products of human consciousness (i.e., systems of thought and technology), by means of which humanity attempts to rise above and assert control, however minimally, over nature. Eigin þýðing.

<sup>183</sup> Derrida 1993.

ekki síður því að koma í veg fyrir að hún fari á dreif. Frelsið er einskorðað við þann ramma sem því er gefinn. Saga uppbyggingar er saga þar sem að staðgengill hefur vísað til miðjunnar, staðgengill sem falið hefur í sér einhverskonar tilvist; Guð, mann, viðfang o.s.frv.<sup>184</sup> í greiningu Ortner eru bornar saman hugmyndir en ekki tímasetningar í sögunni. Í því samhengi má benda á að líkt og Derrida varpar ljósi á tilvist sem miðju uppbyggingar. Þá hefur Foucault beint sjónum að manninn sem þeirri miðju sem allt annað er borið saman við, eins og hann bendir á hvað varðar þekkingarfræði endurreisnarinnar.<sup>185</sup> Hér eru aðeins bornar saman hugmyndir en ekki tímabil. Derrida bendir á að skil í slíkri miðjusetningu hafi orðið við sífelldar endurtekningar og skoðun. Ekki var lengur hægt að hugsa um miðjuna sem eitthvað sem væri til staðar heldur fremur fljótandi þar sem að tákni gegndu hlutverki þeirrar virkni sem hún hafði – hin póstmóðerníska orðræða.<sup>186</sup> Hið karllæga, vegna skorts á getunni til að skapa líf, finnur sköpunarkrafti sínum farveg í hinu manngerða og tilbúna. Hann leið menningar sem vörðuð er tækni og táknum. Hin karllæga sköpun viðheldur því hinu menningarlega með því að búa til hugmyndir og hluti sem líta má á sem menningarlega mótaðar hugmyndir. Hin kvenlega sköpun viðheldur hinu náttúrulega og rokgjarna; mannkyninu.<sup>187</sup> Þessi framsetning varpar ljósi á rót margvíslegra birtingamynda ójafnréttis. Hin táknræna staða kynjanna, þegar kemur að þjóðarímynd, staðsetur borgarana sem karllæga og þjóðina sem kvenlega. Þátttaka kvenna í þjóðaráttökum endurspeglast, t.a.m., ekki í valdastöðu þeirra eftir að sjálfsstæði er náð. Þær gegna öðru hlutverki. Þær eru álitnar mæður þjóðarinnar og á herðum þeirra hvílir hið náttúrulega og mannlega. Á sama tíma er tákni ríkisins karllægt. Það er tákni menningar, aðgerða og, ekki síst, stríðsrekstrar.<sup>188</sup> Stríðsrekstur og athafnir þær sem fela í sér að taka líf, hafa yfir sér helgari blæ en sköpun þess. Ortner<sup>189</sup> bendir á að það sé ekki athöfnin sjálf heldur hið félagslega og menningarlega eðli hennar, sem felist í því að hætta lífi sínu, að gefa það, sem aðgreini hið kvenlega og karllæga, náttúruna og menninguna.

---

<sup>184</sup> Derrida 1993.

<sup>185</sup> Foucault 1970.

<sup>186</sup> Derrida 1993.

<sup>187</sup> Ortner 1972.

<sup>188</sup> Hall 1993.

<sup>189</sup> Ortner 1972: 22.

Flokkarnir „náttúra” og „menning”, eins og Ortner<sup>190</sup> bendir á eru byggðir á mannlegri hugsun og flokkun; merkingu. En eins og Derrida<sup>191</sup> bendir á þá er merking framleidd í gegnum hið tvíhliða ferli mismununar og eftirbreytni. Sú flokkun sem skilur að náttúru annars vegar og menningu hins vegar er mannanna verk og eru mörkin frá öðru til hins, menningarlega skilyrt. Hver menningarheimur og menningarkimi þekki þó þessi mörk, þ.e. hvað sé náttúra og hvað sé menning. Ennfremur, að eitt megin einkenni menningar sé að hún geti breytt náttúrunni á þann hátt sem heppilegt þyki í hverju menningarsamfélagi fyrir sig. Í gegnum hina samfélagslega mótuðu helgisiði sem sniðnir eru til viðhalds þess sambands milli náttúru og manns sem samfélagið telur æskilegt er leitast við að hafa náttúruna undir. Í stað þess að sveigja sig að þeim veruleika sem náttúran mótar með afli sínu, byggir samband hennar og menningar á stjórn hins síðarnefnda svo reglu sé viðhaldið í heiminum.<sup>192</sup> Samband menningar og náttúru má sjá í þeim helgisiðum sem tengjast hreinleika og mengun. Heilagleiki og hið mengaða, eða spillta, er hvort á sínum enda ássins og ber að verja þá staði og hluti sem fela í sér helgidóm, fyrir hinu mengaða.<sup>193</sup> Hinir rokgjörnu og óhömdu eiginleikar náttúrunnar tengja hana mengun; eru andstæða þess sem er hamið og heilagt. Sé markvissri stýringu – hreinsun – þeirri sem felst í helgisiðum ekki beitt þá muni hið óhefta og óútreiknanlega afl náttúrunnar taka yfir. Hreinsunin felst í helgisiðunum, hinni stýrandi athöfn menningarinnar, sem leitast við að ná tökum á hinu náttúrulega. Mengun á borð við líkamsvessa, sem Ortner<sup>194</sup> bendir á að tengist náttúrunni og hinu kvenlega, er menningarlega skilyrt. Þeir vessar sem þykja merki um mengun í einu menningarsamfélagi, eru það ekki í hinu næsta. Sjá má hliðstæðu í þeim ramma sem afmarkar líkamann í þeim ramma sem afmarkar uppbyggingu samfélagsins. Ytri mörk rammans eru viðkvæm og aflögun hans breytir uppbyggingu þeirra hugmynda sem innan hans rúmast. Ekki sé hægt að alhæfa um þær hættur og þann vanda er steðjar að hinum mismunandi menningarheimum. Á sama hátt og að hættur eru sértækar í hverju samfélagi fyrir sig, þá veltur það á því hvaða aðstæður líkaminn endurspeglar, hvaða vald samfélagið tekur sér til þess að setja honum skorður. Sú virkni sem líkami konunnar felur í sér ber með sér ákveðið samhengi sem einnig skapar henni

---

<sup>190</sup> Ortner 1972

<sup>191</sup> Derrida 1976.

<sup>192</sup> Ortner 1972: 11.

<sup>193</sup> Douglas 1966.

<sup>194</sup> Ortner 1972: 13.

ákveðna félagslega stöðu sem álitin er nær náttúrunni en staða karla. Helgisiðirnir bera með sér félagsleg samskipti innan menningarheima og notar til þess líkamann, sem táknrænan miðil. Táknræn merki um mengun þá er hlýst af konum, og getu þeirra til saurgunar, sbr. blæðingar kvenna, fæðingu og brjóstgjöf, er merki um náin tengsl þeirra við náttúruna.<sup>195</sup>

Helgimyndir, t.a.m. eftir Guido Remi, Andrea Solario og Leonardo da Vinci þar sem að María gefur Jesúbarninu brjóst, geta því táknað órofa tengsl kvenna við náttúruna í hinu helga, menningarlega og karllæga rými kirkjunnar. Og varpa um leið hulunni af því valdi sem skapar og hýsir, svo augljóst tákn tengsla konu og náttúru annars vegar og karls og menningar hinsvegar. Kirkjan hefur, m.a., verið vettvangur og mótast af hugmyndinni um Krist sem framdi þá athöfn sem helst, skv. skilgreiningu Ortner<sup>196</sup> aðgreinir hið karllæga frá hinu kvenlega – menninguna frá náttúrunni. Sú athöfn Krists felst í því að hætta lífi sínu og gefa líf sitt, mannkyni öllu. Kirkjan stendur í þessu tilfalli, fyrir mannlega vitund. Hún beitir þeim táknum og helgisiðum sem hún hefur yfir að ráða og til að „hreinsa“ hið kvenlega. Þannig megi ná tökum á hinu óhefta afli sem felst í tengslum hins kvenlega við náttúruna. Þannig megi ná yfíráðum og yfíráðum yfir henni; konunni og náttúrunni. Menning er staðsett ofan við náttúru. Náttúran er undirskipuð í valdakerfinu. Hinn félagslega skilyrti skilningur er sá að með þeirri afstöðu gagnvart náttúrunni, hafi menningin getu til að umbreyta henni. Að félagsmóta hana og menningarvæða. Að hreinsa.

Þótt hinu karllæga sé lýst sem geranda á hinu menningarlega sviði, þar sem að sköpun hugmynda og hins ódauðlega fer fram, þá gerir Ortner<sup>197</sup> ekki ráð fyrir því að konur sitji aðgerðarlausar hjá. Þvert á móti er þátttaka þeirra grundvöllur þess að það kerfi sem menningarheimurinn byggir á haldi lífi og þrífist. Hin kvenlega vitund er nauðsynleg á vettvangi karllægra sigra sem og hennar aðkoma að helgisiðum samfélagsins. Með því að samþykkja eigin gengisfellingu gegnir hið kvenlega mikilvægu hlutverki í því að viðhalda ríkjandi ójafnrétti.

Tvenndarpar byggir á mismuni sem er nauðsynlegur til að skilja umhverfið. Merking felst í muni milli ákveðinna þátta eða tákna en á milli þeirra ás blæbrigða. Valdamisræmi er milli hinna tveggja póla sem hvor er á sínum enda þar sem að annar póllinn, eða táknið, hefur meira

---

<sup>195</sup> Sjá Douglas 1966 og Ortner 1972.

<sup>196</sup> Ortner 1972.

<sup>197</sup> Ortner 1972.

vægi en hitt; er undirskipað.<sup>198</sup> Ortner<sup>199</sup> bendir á að hið kvenlega samþykki skilgreiningar þess menningarheims sem hún býr í og undirskipun sína í tvenndarparinu karllægt/kvenlegt. Í samhengi tvenndarpars þar sem að menning er annars vegar og náttúra hins vegar, virðist hið kvenlega vera staðsett sem milliliður milli menningar og náttúru. Hið kvenlega, sem tengt er náttúrunni, tekur, með samþykki á eigin gengisfellingu, afstöðu með hinu karllæga, menningunni. Sú afstaða skapar hinu kvenlega ákveðinn sess í hinu karllæga. Sess sem engu að síður er skýrt aðgreindur frá hinu karllæga og menningarlega.

Í tvenndarpörum birtast ofureinfaldaðar myndir. Sá mismunur sem gefur fyrirbærum merkingu ýtir einnig undir smættun og einföldun sem skortir sveigjanleika. Þannig byggir staðsetning hins kvenlega í tvenndarparinu á þeirri staðalmynd að líffræðilegir eiginleikar séu, á einhvern hátt, örlagavaldur; óumbreytanlegur þáttur sem skilgreini og réttlæti undirskipun hins kvenlega.<sup>200</sup> Staða tákna í tvenndarpari tengist einnig samskonar stöðu annarra tákna í öðrum tvenndarpörum. Undirskipun hins kvenlega í tvenndarparinu karllægt/kvenlegt, menning/náttúra tengist undirskipun nærsamfélagsins. Hið kvenlega er tengt nærsamfélaginu, fjölskyldunni og heimilinu en hið karllæga fjærsamfélaginu, hinu menningarlega sviði.

Og þar af leiðandi, eða þannig virðast hin menningarlegu rök vera, eru karlar hinir “eðlilegu” handhafar trúarbragða, helgisiða, stjórn mála, og annarra sviða menningarlegrar hugsunar og athafna þar sem að altækar yfirlýsingar um sameiningu hins andlega og félagslega eru settar fram. Því eru karlar ekki einungis kenndir við menningu, í skilningi allrar mannlegrar sköpunar, gagnstætt náttúrunni; þeir eru sérstaklega kenndir við Menningu í gamaldags skilningi betri og æðri svið mannlegrar hugsunar – lista, trúar, laga, o.s.frv.<sup>201</sup>

Þekkingarfræði Upplýsingarinnar, sem söfnin byggja á, á rætur í misrétti þar sem að hið karllæga er ofar hinu kvenlega. Það veldur því að þekkingarfræðin sjálf er bundin karllægum

---

<sup>198</sup> Hall 1997: 235.

<sup>199</sup> Ortner 1972: 15.

<sup>200</sup> Hall 1997: 245.

<sup>201</sup> Ortner, 1972: 18. And hence, so the cultural reasoning seems to go, men are the “natural” proprietors of religion, ritual, politics, and other realms of cultural thought and action in which universalistic statements of spiritual and social syntheses are made. Thus men are identified not only with culture, in the sense of all human creativity, as opposed to nature; they are identified in particular with Culture in the old-fashioned sense of the finer and higher aspects of human thought – art, religion, law, etc. Eigin þýðing.

gildum. Hún gefur til kynna að framsetning hennar skapi heildarsýn (e. *universalism*) þegar hún í raun hvetur til sérstæðishyggju (e. *particularism*).<sup>202</sup> Hið karllæga svið tengist, og hefur yfirráð yfir, þeim þáttum sem varða þekkingarfræði og formgerð samfélagsins; þeim þáttum sem marka grundvöll safna. Karllæg gildi og undirskipun hins kvenlega eru sá jarðvegur sem söfn eiga sér rætur í. Þau eru grundvöllur þekkingarfræðinnar og þeirra menningarlegu sviða þar sem að sameining hins andlega og félagslega er sett fram, t.a.m. á söfnum.

Á níttjándu öld skerptist skipting hinna kvenlegu og karllægu sviða til muna, bæði vegna þess siðferðis sem hin nýja millistétt, t.a.m. í Bretlandi, bar með sér en einnig vegna þeirra breytinga sem urðu á menningarlegum stofnunum í samfélaginu. Menningarleg hugmyndafræði hafði mikil áhrif á stöðu kvenna. Þeirra áhrifa gætti í sköpun þeirra á sviði menningar, s.s. myndlistar, ritlistar en ekki síður í stöðu kvenna sem bakhjarlar menningarstarfssemi og aðstandendur menningarstofnana.<sup>203</sup> Líkt og áður hefur verið bent á bar þróun menningarlegra stofnana á borð við söfn með sér ný afbrigði félagslegra tengsla. Einstaklingar innan samfélagsins tóku þátt í menningarlegri sköpun og urðu þannig hlutahafar á sviði menningar. Þetta gátu handhafar hins pólitíska og menningarlega valds nýtt sér. Hinu meinta hlutleysi safna og aðferðum vísindanna var beitt til að setja fram ákveðna sýn á samfélagið og jafnvel heiminn. Gripir safna voru þau tákni sem raðað var saman í ákveðið samhengi sem vörpuðu fram hugmyndafræði og heimsmynd sem ætlað var að skapa og viðhalda kerfi þar sem að velferð einstaklinganna átti að vera í fyrirrúmi. Velferðarsjónarmiðið byggði á félagsmótun einstaklinganna í samfélaginu. Sú félagsmótun miðaðist að því að einstaklingar samfélagsins tækju þátt í að endurskapa og viðhalda veröldinni í þeirri mynd sem hún var. Á því byggja lífsmöguleikar menningar; að einstaklingar innan samfélagsins séu félagsmótaðir til að viðhalda óbreyttu ástandi. Söfnin voru sá staður þar sem að slík félagsmótun var talin geta farið fram og safngripirnir og framsetningin tækin.<sup>204</sup>

Áhrif menningar, á sviði karla og undir stjórn hins karllæga, voru talin styðja við og styrkja þá hugmyndafræði sem ákjósanlegt þótti að væri á hverju heimili. Hugmyndafræði sem í raun gerði skilin milli heimilis og ytra lífs enn skarpari en áður. Bakhjarlar safna, gagnrýnendur, útgefendur og aðrir sem stóðu á því menningarlega sviði sem tengdist listum, unnu að því að

---

<sup>202</sup> Machin 2010: 187.

<sup>203</sup> Janet Wolff 1990.

<sup>204</sup> Sjá Bennett 1995, Macdonald 2002, Ginzberg 1986 og Ortner 1972.

dreifa menningu og menningarlegu efni sem var ritskoðað og sniðið að hugmyndum millistéttarinnar um aðskilin svið, m.a. með textasmíði. Þannig hljóðaði texti sá er fylgdi mynd Raphael „Madonna del Cadellino” og sýnd var árið 1886 í Whitechapel Art Gallery í London; „Í þessari konu er að finna göfuglyndi, og fórnfúsa, sívökula umönnun sannrar móður. Í börnunum er að finna þann vinskapi og blíðu sem er nokkru sinni að finna á sönnu heimili.”<sup>205</sup> Og áhrif hinnar karllægu menningar fara ekki dvínandi, nema síður sé líkt og fjölmörg dæmi um framsetningu kvenna á söfnum styðja.<sup>206</sup> Á sama tíma og að konur hafa milligöngu milli hins kvenlega og karllæga sviðs, sviðs menningar og náttúru, þá eru þær staðsettar utan miðjunnar, þ.e. utan hinnar menningarlegu miðju. Sú staðsetning konunnar, og hins kvenlega, utan við hringiðu miðjunnar, utan við valdssviðið, á jaðrinum þar sem að hin táknræna framsetning kvenna, hlutgerving þeirra og staðalmyndir, er stödd í sífelldu ferli umbreytingar, úr einni mynd í aðra. Birtingarmyndir hins kvenlega á hinu menningarlega sviði, og í rými safna, eru menningarlega skilyrtar og sýna konuna, ef hún er á annað borð sýnileg, sem tákn eyðileggingar eða hins guðlega; nornina eða móðurina.<sup>207</sup>

Kröftum þeirra kvenna, sem áður höfðu unnið ötullega að velferðarmálum og verið þar í forsvari, var beint á svið sem þóttu „kvenlegri”; að listum og menningu og þótti reynsla þeirra af skipulagsstörfum henta vel á almenningsöfnum, sem þá voru í mótun.<sup>208</sup> Wolff<sup>209</sup> bendir á að aðskilnaður hins kvenlega og karllæga sviðs hafi verið í sífelldri mótun og endurmótun, m.a. á sviði hins menningarlega. Sú hugmyndafræði sem skapast hafi á sviði menningar, eftir þeim leiðum sem það svið hafði helst til umráða, s.s. ritlist, myndlist, o.s.frv. hafi sífellt mótað og endurmótað aðskilnað hinna karllægu og kvenlegu sviða. Ortner<sup>210</sup> bendir á að tengsl kvenna við hluti hafa tilhneigingu til að vera milliliðalaus og bein. Samsömun karla og tengsl þeirra við veröldina feli fremur í sér málamiðlanir og flokka málamiðlana. Tengsl hins kvenlega byggja fremur á hinu eðlislæga og lífræna og hins karllæga, þá, við hið umbreytta og unna. Sé sú hugmynd túlkuð yfir í rými safna þar sem að færður er fram unnin sýn á veröldina, upprunann, söguna, þar sem höfð hefur verið milliganga milli fortíðar og nútíðar

---

<sup>205</sup> Wolff 1990.

<sup>206</sup> Sjá m.a. Porter 1996, Levin 2010, Brandon 2010, Katriel 2010, Haraway 1988, Machin 2010, Robinson og Barnard 2010 og Hein 2010.

<sup>207</sup> Ortner 1972 og Porter 1996.

<sup>208</sup> Schwarzer 2010: 16.

<sup>209</sup> Wolff 1990.

<sup>210</sup> Ortner 1972.



(og jafnvel framtíðar), þar sem að beitt er aðferðum sem falla alfarið að karllægri tengslamyndun, t.a.m. flokkun, þá er mögulegt að samsama safnið hinu karllæga; mótað af körlum fyrir karla til að viðhalda stöðu hins karllæga sviðs. Litið er á konuna, og hið kvenlega svið, sem forsendur og gerendur þegar kemur að félagsmótun einstaklinganna í samfélaginu; sköpun þeirra í þeirri mynd sem viðhalda mun samfélagsgerðinni og menningunni.<sup>211</sup> Staða hennar sem hins félagsmótandi aðila á söfnum er því ekki aðeins gagnleg heldur nauðsynleg í viðhaldi hins karllæga sjónarhorns. Hún er milliliður milli einstaklingssviðsins og hins menningarlega sviðs hugmyndafræði og valds, sem er, á sömu forsendum, nauðsynlegt að sé á hendi karla og á hinu karllæga sviði. Í ljósi þess virðist það ekki skjóta svo skökku við að völd þau sem konur hafa tekið sér á söfnum í tímans rás, og lýst hefur verið fyrir í þessu riti, hafi, um leið og þau rákust með einhverjum hætti inn á svið hins karllæga, verið hrifsuð úr höndum þeirra, og þeim falin hlutverk sem spanni mun þrengra svið en ella. Ortner<sup>212</sup> skoðar hvort yfirráð karla á hinu menningarlega sviði megi rekja til þeirrar viðteknu hugmyndar að konur séu nær náttúrunni á einhvern hátt. Samlíking Ortner á konum við náttúruna byggir á menningarlega byggðri ímynd kvenna sem skapara lífs og náttúruöflunum. Karlar eru staðsettir á sviði menningar; lista, laga og trúar en svið kvenna er nær náttúrunni, á hinu innra sviði fjölskyldu og umönnunar.

Meðferð Ortner<sup>213</sup> á hugtökunum náttúra og menning hefur verið gagnrýnd og bent á að orðið feli í sér fleiri en eina merkingu. Ennfremur að notkun hennar á myndlíkingum hugtaka fái meira vægi en tilefni gefi til. Að mati Carol MacCormack og Marilyn Strathern<sup>214</sup> er tilgáta Ortners öfgafull og ekki séu dæmi í veruleikanum um hina skýru skiptingu, milli hinnar kvenlegu náttúru og karllægu menningar. Telur hún að engin leið sé að sannreyna hvort slík skipting sé hluti ómeðvitaðrar byggingar. Sherry B. Ortner og Harriet Whitehead<sup>215</sup> hafa hins vegar bent á að útlistun á náttúru og menningu sem andstæðum eigi að skoða sem greinandi nálgun. Í fjölmörgum menningarheimum er tungumálið notað til flokkunar. Það gefi því til kynna eftir hvaða leiðum svið karla og kvenna eru flokkuð. Sem dæmi nefna þær að í tungumálinu eru karlar skilgreindir með hugtökum sem gefa til kynna stöðu geranda en hafa

---

<sup>211</sup> Ortner 1972.

<sup>212</sup> Ortner 1972.

<sup>213</sup> Ortner 1972.

<sup>214</sup> Carol MacCormack og Marilyn Strathern 1980.

<sup>215</sup> Sherry B. Ortner og Harriet Whitehead 1981.

lítið að gera með tengsl þeirra við konur, t.a.m. stríðsmaður, stjórnmalamaður, en konur með hugtökum sem lýsa tengslum og hlutverkum, t.a.m. móðir, eiginkona.<sup>216</sup>

---

<sup>216</sup> Ortner og Whitehead 1981.

## Ráðandi karlmennska og styðjandi kvenleiki í frásögn safns

Rétt er að tengja greiningu Ortner<sup>217</sup> við síðari tíma rannsóknir á karlmennsku og kvenleika. Ortner gerir ráð fyrir að karlar séu einsleitir samstæður hópur þar sem að allir einstaklingarnir innan hans hafi jafna vigt. Connell<sup>218</sup> hefur bent á hugtakið ráðandi karlmennsku (*hegemonic masculinity*) þar sem að vísað er til tegundar karlmennsku sem er á valdi fárra karla en er, engu að síður, sú fyrirmynd sem þykir „eðlileg” og eftirsóknarverð í heimi karla.<sup>219</sup> Karlmennsku sem tryggð eru yfirráð, og þeim viðhaldið, með því að varpa þeim hugmyndum sem hún byggir á til annarra karla, m.a. í gegn um stofnanir samfélagsins. Hið menningarlega svið, sem Ortner skilgreinir inniheldur og viðheldur, í ljósi þessa, ekki síður eigin valdatengslum, en þeim sem byggja á yfirráðum yfir konum og, samkvæmt greiningu Connell<sup>220</sup> þeim körlum sem ekki hafa með höndum hina ráðandi karlmennsku. Styðjandi kvenleiki (*emphasized femininity*), sem grundvallaður er á hlýðni kvenna, styðji stöðu karla sem ráðandi og kvenna sem undirokaðra og er viðhaldið á ýmsum sviðum samfélagsins, sem Ortner<sup>221</sup> hefur talið til hinna menningarlegu sviða, og stofnunum þess en kjarni þess er að annars konar kvenleika vaxi ásmegi í samfélaginu.<sup>222</sup> Með annars konar kvenleika er helst átt við þann sem nefndur hefur verið mengandi kvenleiki<sup>223</sup> og skilgreinir, með þeirri andstæðu sem hann myndar við styðjandi kvenleika, birtingarmyndir þess sem felst í ásættanlegum kvenleika; þeim sem, með hlýðni, gengst undir skilgreiningar ráðandi karlmennsku. Karlmennsku sem viðhaldið er með andlegri aðhlyningu kvenna þar sem að þær gæta þess vandlega að ráðast ekki að þeim þáttum sem veikt gætu ímynd karla, jafnvel þótt þær þurfi, þessvegna, að gera lítið úr eigin verkum og ávinningum.<sup>224</sup> Mengandi

---

<sup>217</sup> Ortner 1972.

<sup>218</sup> Connell 1987.

<sup>219</sup> Connell 2005.

<sup>220</sup> Connell 1987 í Gyða Margrét Pétursdóttir 2012.

<sup>221</sup> Ortner 1972.

<sup>222</sup> Connell 1987 og Gyða Margrét Pétursdóttir 2012.

<sup>223</sup> Schipper 2007 í Gyða Margrét Pétursdóttir 2012.

<sup>224</sup> Gyða Margrét Pétursdóttir 2012: 6.

kvenleiki sýni, hins vegar, andstöðu við kröfuna um hlýðni og mótar sinn eigin farveg.<sup>225</sup> Hinn styðjandi kvenleiki á því þátt í að viðhalda þeirri trú að jafnrétti sé náð, þess sem Gyða Margrét Pétursdóttir<sup>226</sup> kallar áru kynjajafnréttis, þrátt fyrir að ótal þætti bendi til þess að svo sé ekki. Ráðandi karlmennska og styðjandi kvenleiki<sup>227</sup> eiga í samskonar sambandi og svið náttúru og menningar sem Ortner<sup>228</sup> hefur tiltekið. Hinn mengandi kvenleiki, sem oftast birtist sem femínisti, spillir þessu sambandi, sem svo haganlega viðheldur þeirri trú að hið kvenlega og hið karllæga standi jafnfætis og að engin undirokun eigi sér stað.

---

<sup>225</sup> Gyða Margrét Pétursdóttir 2012: 8.

<sup>226</sup> Gyða Margrét Pétursdóttir 2009.

<sup>227</sup> Gyða Margrét Pétursdóttir 2012.

<sup>228</sup> Ortner 1972.

## Lokaorð og umræður

Í greininni „The Silent Message of the Museum”<sup>229</sup> veltir sýningarstjórinn Fred Wilson því fyrir sér hvernig umhverfið, þar sem að framsetning menningar á sér stað, hafi áhrif á það hvernig samband áhorfandinn myndar við verkið og listamanninn sem skapaði það. Hann setur, í framhaldinu, upp sýningar og innsetningar sem varpar ljósi á samband og samspil verka og umhverfis; framsetningar og safns.<sup>230</sup> Wilson spyr í framhaldi af því hvort safn sem hið karllæga rými menningar, standi í sjálfu sér og með tilveru sinni, gegn kynbundnu jafnrétti? Á þeim nótum hafa konur á sviði lista dregið í efa áhrif einkasýninga og hafa þróað með sér önnur sýningarform sem byggja á samstarfi. Þær gerðu uppreisn gegn hinum ríkjandi gildum móðernismans og beindu sjónum sínum fremur að sameiginlegum reynsluheimi kvenna, en straumum og stefnum í myndlist.<sup>231</sup> „Fortíðin, fortíð sem ekki er lengur talin óvirk eða gefin, getur hjálpað til að geta af sér frjóa framtíð, framtíð handan feðraveldis.”<sup>232</sup> Og á sama hátt og fortíðin á hlut í því hvað söfnin eru, þá getur hún átt hlut í því hvað þau verða. Þekkingarfræðin liggur til grundvallar þörfinni til að safna, því að koma á reiðu og skilja þá reiðu sem hafði verið komið á. Grundvöllur þeirra safna sem við þekkjum í dag helst í hendur við þróun þekkingarfræði í anda Foucault,<sup>233</sup> framsetningu þekkingar og sýningu á valdi og yfirburðum. Valdi sem, frá upphafi var karllægt, en tímabil endurreisnarinnar fól síður en svo í sér endurreisn kvenna. Safnið hefur því frá upphafi verið karllægt rými. Frá lokum klassíska tímabilsins hefur þekkingarfræðin, ásamt valdastöðu karla, falið konum hlutverk „hinna”; þeirra sem standa á jaðrinum í allri orðræðu og framsetningu. Fram eftir öldum réðu karlar tveimur lífæðum safna; peningum og valdi. Þegar að völd kvenna, á sviði safna, uxu voru þau jafn harðan tekin úr höndum þeirra og lögð undir hið karllæga kerfi. Nýjustu samantektir sýna að þótt konur séu fjölmennar í starfsliði safna, þá eru það enn karlar sem tróna efst í

---

<sup>229</sup> Fred Wilson, 1994.

<sup>230</sup> Wilson 1994.

<sup>231</sup> Deepwell 2006.

<sup>232</sup> Elizabeth Grosz, 2000: 1018. The past, a past no longer understood as inert or given, may help engender a productive future, a future beyond patriarchy. Eigin þýðing.

<sup>233</sup> Foucault 1970.

valdapýramídanum. Þrátt fyrir framgang sögunnar hefur, safnið haldið stöðu sinni sem karllægt rými, knúíð karllægri hugmyndafræði og valdi. Hein<sup>234</sup> telur að á söfnum ríki ringulreið og að þau viti vart í hvorn fótinn þau eigi að stíga. Þau séu hluti kerfis sem þróast hafi samkvæmt viðteknum gildum á hverjum tíma. Því er að svara að í þessu samhengi er ekki leitað að sökudólgum, heldur leitast við að varpa ljósi, út frá kynjafræði, á það sem býr að baki rými safna og áhrif þess á framsetningu kvenna. Þegar kemur að baráttu og stríði sem löngu eru liðin þá hefur almennt skapast samkomulag um það sem gerðist og hægt er að skoða söguna í baksýnispeglinum. Hinsvegar, þegar kemur að baráttunni fyrir jöfnuði kynjanna í samfélaginu, þá er um að ræða stríð sem enn stendur yfir.<sup>235</sup> Áhrif kvennabaráttunnar hafi verið takmörkuð þegar litið sé til safna og safnastrfs og þeirra skrefa sem sum söfn hafa stigið til að varpa ljósi á afleiðingar kynjaðra starfshátta. Því þeir sem stjórni túlkun fortíðar stjórni einnig valda- og hagkerfi nútímans.<sup>236</sup> Ára kynjajafnréttis<sup>237</sup> vakir yfir söfnum sem og öðrum stofnunum samfélagsins. Í þeim anda má spyrja hvort ekki megi líta á trú fólks á áreiðanleika og hlutleysi safna sem „áru hlutleysis“. Gripir safna og framsetning eru túlkuð á grundvelli styðjandi kvenleika<sup>238</sup> og viðheldur ráðandi karlmennsku<sup>239</sup> á sviði menningar. Framsetning kvenna, eða skortur á henni, myndar þann bakgrunn sem karlinn leikur gegn.<sup>240</sup> Þen og passív er konan á jaðrinum. Þögn. Rödd hennar hljómar ekki. Hið blóðuga korselett<sup>241</sup> er hvergi sjáanlegt.

Framsetningin mótast af staðalmyndum um kvenleika; einfaldaðri og smættaðri mynd þar sem lítið svigrúm er til athafna og þróunar. Hið kvenlega undirskipað í tvenndarpari karllægri og kvenleika sem skoða má í samhengi safns og konu, menningar og náttúru.

Samkvæmt hugmyndum Ortner<sup>242</sup> eru „náttúra“ og „menning“ aðskilin svið þar sem að náttúra er svið hins kvenlega og menning svið hins karllæga og byggja á hugmyndum samfélagsins um félagslegt taumhald og viðhald hinnar menningarlega skilgreindu

---

<sup>234</sup> Hein 2010: 62.

<sup>235</sup> Grahn 2006.

<sup>236</sup> Brandon 2010.

<sup>237</sup> Gyða Margrét Pétursdóttir 2009.

<sup>238</sup> Connell 1987 og Gyða Margrét Pétursdóttir 2012.

<sup>239</sup> Connell 1987.

<sup>240</sup> Porter 1996.

<sup>241</sup> Summers 2000.

<sup>242</sup> Ortner 1972.

samfélagsskipunar. Samband náttúru og menningar er, að sama skapi, samband mengunar og hreinleika þar sem að helgisiðir samfélagsins veita hinu hreina vald yfir hinu mengaða, þ.e. táknrænum aðgerðum er beitt til hreinsunar hins náttúrulega, og þar af leiðandi mengaða. Hreinsunin felst í því að fella hið náttúrulega (og kvenlega) undir hið menningarlega (og karllæga) vald. Vald sem einkennir það rými sem afmarkar safnið, með veggjum og gólfi frá hinu efnislega ytra umhverfi, og einnig þeim karllægu öflum sem stýra og móta þá hugmyndafræði sem framsetning þess byggir á. Öflum sem eru hluti þess sem Connell<sup>243</sup> kallar ráðandi karlmennsku og viðhalda, með sambandi sínu, sem byggir á yferráðum, við hinn styðjandi kvenleika þeirri trú að hið kvenlega og karllæga standi jafnfætis og að undirokun hins fyrrnefnda á hinu síðarnefnda eigi sér ekki stað.<sup>244</sup> Frá þessu sjónarhorni, má greina safnið sem hið karllæga, menningarlega svið sem lúti, að sama skapi, þeim lögmálum sem einkenna samband mengunar og hreinsunar. Því má leiða að því líkum að framsetning hins kvenlega, konunnar, í rými safna felli viðfangsefnið undir ferli, helgisiði, sem aðlagi það að, og setji undir, svið hins menningarlega og karllæga. Að á safninu eigi sér stað hreinsun hins kvenlega og stýring til hlýðni við hin karllægu yferráð.

---

<sup>243</sup> Connell 1987.

<sup>244</sup> Gyða Margrét Pétursdóttir 2009 og 2012.

## Heimildaskrá

Adams, Ruth. 2010. The New Girl in the Old Boy Network: Elizabeth Esteve-Coll at the Victoria & Albert Museum. Í Levin, Amy K. (ritstj.): *Gender, Sexuality and Museums*, (bls. 28-42). Routledge, Oxon.

American Association of Museums. (1969). *Americas Museums: The Belmont Report: A Report to the Federal Council on the Arts and Humanities*. Washington: American Association of Museums.

Bennett, Tony. (1995). *The Birth of the Museum: History, Theory, Politics*. London: Routledge.

Brandon, Laura. (2010). Looking for the “Total” Woman in Wartime: A Museological Work in Progress. Í Levin, Amy K. (ritstj.). *Gender, Sexuality and Museums*, (bls. 105-114). Routledge, Oxon.

Burek, C. V. og Higgs, B. (ritstj.). (2007). The Role of Women in the History of Geology. *Geological Society Special Publication, 281*, (bls. viii+342). London, Bath: Geological Society of London. doi: 10.1017/S0016756809006116

Butler, Judith. (1990). *Gender Trouble*. New York, London: Routledge.

Clark Smith, Barbara. 2010. A Woman’s Audience: A Case Study of Applied Feminist Theories. Í Levin, Amy K. (ritstj.): *Gender, Sexuality and Museums* (bls. 16-27). Routledge, Oxon.

Connell, R. W. (1987). *Gender and Power: Society, the Person and Sexual Politics*. Stanford: Stanford University Press.

Connell, R. W. (2005). *Masculinities: Second Edition*. Berkley, Los



Angeles: University of California Press.

Deepwell, Katy. (2006). *Feminist Curatorial Practices since the 1970's*. Í Janet Marstine (ritstj.). *New Museum Theory and Practice: an Introduction*. Malden, Oxford, Carlton: Blackwell Publishing.

Derrida, Jaques. (1976). *Of Grammatology*. Baltimore: The John Hopkins University Press.

Derrida, Jaques. (1993). *Structure, Sign and Play in the Discourse of the Human Sciences*. Í Natoli, Joseph og Hutcheon, Linda (ritstj.). *A Postmodern Reader (bls. 223-242)*. Albany: State University of New York Press.

Eisenstein, Zillah. (1979). *Capitalist Patriarchy and the Case for Socialist Feminism*. New York: Monthly Review Press.

Foucault, Michel. (1970). *The Order of Things: An Archaeology of the Human Sciences*. New York: Random House.

Foucault, Michel. (1982). The Subject and Power. *Critical Inquiry*, 8, (4), 777-795.

Fríða Björk Ingvarsdóttir (2011, 7. nóvember 2011). Konur lítt sýnilegar í listasögunni. *RÚV*. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/konur-litt-synilegar-i-listasogunni>

Fyfe, Gordon (2006). *Sociology and the Social Aspect of Museums*. Í Macdonald, Sharon (ritstj.). *A Companion to Museum Studies*. Oxford: Blackwell Publishing.

Ginzberg, Lori D. (1986). „Moral Suasion is Moral Balderdash”: Women Politics, and Social Activism in the 1850s. *The Journal of American History*, 73, (3), 601-622.

Grahn, Wera. (2006). ”Känn dig själf” : *Genus, historiekonstruktion och kulturhistoriska museirepresentationer*. Linköping Studies in Arts and Science, 0282-9800 ; 364.

Grosz, Elizabeth. (2000). Feminisms at a Millenium. *Signs*, 25, (4), 1017-1021.

Gyða Margrét Pétursdóttir. (2012). Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis. *Íslenska Þjóðfélagið*, 3, 5-18. Sótt af <http://www.thjodfelagid.is/index.php/Th>

Gyða Margrét Pétursdóttir. (2009). Preserving the ‚right‘ pay balance within the aura of gender equality. Í Halldór Sig. Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X: Félagráðgjafardeild og stjórn málafræðideild*, (bls. 269-280). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Hall, Stuart. (1997). The Spectacle of the “Other”. Í *Representation: Cultural Representations and Signifying Practices* (bls. 223-279). London: Sage.

Hall, Catherine. (1993). Gender, Nationalisms and National Identities: Bellagio Symposium, July 1992. *Feminist Review*, 44, 97-103.

Haraway, Donna. (1988). Situated Knowledges: The Science Question in Feminism and the Privilege of Partial Perspective. *Feminist Studies*, 14, (3), 575-599.

Hartmann, Heidi. (1981). The Unhappy Marriage of Marxism and Feminism: Towards a More Progressive Union. Í Lydia Sargent (ritstj.). *Women and Revolution: A Discussion of the Unhappy Marriage of Marxism and Feminism*. London: Pluto Press.

Hein, Hilde. 2010. Looking at Museums from a Feminist Perspective. Í Levin, Amy K. (ritstj.). *Gender, Sexuality and Museums*, (bls. 65-70). London: Routledge

Hooper-Greenhill, Eilean. (1992). *Museums and the Shaping of Knowledge*. London: Routledge.

Howes, David (2004). *Empire of the Senses*. Oxford: Berg.

Kaplan, Temma. (1982). Female Consciousness and Collective Action: The Case of Barcelona, 1910-1918. *Signs*, 7, (3), 545-566.

Katriel, Tamar. (2010). Pioneering Women Revisited: Representations of Gender in some Israeli Settlement Museums. Í Levin, Amy K. (ritstj.): *Gender, Sexuality and Museums* (bls. 115-128). Abingdon, Oxon: Routledge.

Kelly-Gadol, Joan. (1976). The Social Relation of the Sexes: Methodological Implications of Women's History. *Signs*, 1, (4), 809-823.

Knibb, Helen. (1994). Present but not Visible: Searching for Women's History in Museum Collections. *Gender & History*, 6, (3), 352-369.

Levin, Amy K., (2010). Introduction. Í Levin, Amy K. (ritsj.), *Gender, Sexuality and Museums* (bls. 1-11). Abingdon, Oxon: Routledge.

MacCormack, Carol, Strathern, Marilyn. (1980). *Nature, Culture and Gender*. Cambridge: Cambridge University Press.

Macdonald, Sharon. (2002). *Behind the Scene at the Science Museum*. Oxford: Berg.

Machin, Rebecca. 2010. Gender Representation in the Natural History Galleries at the Manchester Museum. Í Levin, Amy K. (ritstj.): *Gender, Sexuality and Museums*, (bls. 187-200). Routledge, Oxon.

Schwarzer, Marjorie. (2010). Women in the Temple: Gender and Leadership in Museums. Í Levin, Amy K. (ritsj.), *Gender, Sexuality and Museums* (bls. 16-17). Abingdon, Oxon: Routledge.

Douglas, Mary. (1966) *Purity and Danger. An Anlysis of Concepts of Pollution and Taboo*. London: Routledge & Kegan Paul.

Shoemaker, Nancy. (1994). The Natural History of Gender. *Gender & History*, 6, (3), 320-333.

Ortner, Sherry B. (1972). Is Female to Male as Nature is to Culture? *Feminist Studies*, 1, (2), 5-31.

Ortner, Sherry B., Whitehead, Harriet. (1981). Introduction: Accounting for Sexual Meaning. Í Ortner, Sherry B. og Whitehead, Harriet (ritstj.). *Sexual Meanings: The Cultural Construction of Gender and Sexuality*. Cambridge: Cambridge University Press.

- Porter, Gaby. (1996). Seeing through Solidity: a feminist perspective on museums. Í MacDonald, Sharon og Fyfe, Gordon (ritstj.). *Theorizing museums: Representing identity and diversity in a changing world* (bls. 105-126). Oxford: Blackwell Publishers.
- Preziosi, Donald. (2011). Art History and Museology: Rendering the Visible Legible. *A Companion to Museum Studies*. Í Macdonald, Sharon (ritstj.). Sussex: Blackwell Publishing.
- Robinson, Olivia and Barnard, Trish. 2010. "Thanks but We'll Take it from Here": Australian Aboriginal and Torres Strait Islander Women Influencing the Collection of Tangible and Intangible Heritage. Í Levin, Amy K. (ritstj.): *Gender, Sexuality and Museums*, (bls. 16-27). Routledge, Oxon.
- Schippers, Mimi. (2007). Recovering the Feminine Other: Masculinity, Femininity, and Gender Hegemony. *Theory, Culture & Society*, 36, 85-102.
- Swharzer, Marjorie. 2010. Women in the Temple: Gender and Leadership in Museums. Í Levin, Amy K. (ritstj.): *Gender, Sexuality and Museums*, (bls. 16-27). Routledge, Oxon.
- Smith, Laurajane. (2006). *Uses of Heritage*. Abington, Oxon: Routledge.
- Smith-Rosenberg, Carrol. (1975). The Female World of Love and Ritual: Relations between Women in Nineteenth-Century America. *Signs*, 1, (1), 1-29.
- Holton, Sandra Stanley. (1986). *Democracy: Women's Suffrage and Reform Politics in Britain, 1900-1918*. Cambridge: Press Syndicate of the University of Cambridge.
- Summers, Leigh. (2000). Sanitising the Female Body: Costume, Corsetry and the Case for Corporeal Feminism in Social History Museums. *Open Museum Journal*, 1. Sótt af <http://hosting.collectionsaustralia.net/omj/vol1/summers.html>
- Tong, Rosemarie. (1989). *Feminist Thought: a comprehensive introduction*. Abingdon, Oxon: Routledge.

Walsh, Kevin. (1992). *The Representation of the Past: Museums and Heritage in the Post-Modern World*. London: Routledge.

Ward, Elizabeth Ida. (2009). The Rhetorical Challenge of the Everyday Object: Þjóð verða til' at the National Museum of Iceland. *Nordisk Museologi*, 1, 5-15.

Wilson, Fred. (1994). The Silent Message of the Museum. Fisher, Jean (ritstj.). *Global Visions: Towards a New Internationalism in the Visual Arts*. London: Kala Press.

Wolff, Janet. (1990). The Culture of Separate Spheres: Í *The Role of culture in Nineteenth-Century Public and Private Life*. Berkley, Los Angeles: University of California Press.

Þorgerður Einarsdóttir. (2004). „Hið vísindalega er pólitískt”: Femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstj.). *Íslensk félagsfræði: Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar* (bls. 200-225). Reykjavík: Háskólaútgáfan.